

Föstudagsviðtalið

Fortíðinni verður ekki breytt

Formaður Viðreisnar segir of miklu þúðri eytt í að kenna öðrum um það sem miður fer en nú þurfi að horfa til framtíðar. Formaður Sjálfstæðisflokksins þakkar ríkisstjórninni góða stöðu efnahagsmála en formenn Samfylkingar og Pírata segja aðrar breytur spila þar inn í. ➔10



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Starfsmannaleigum fjölgar mjög ört

ATVINNA „Okkur óar svolítið við þessari þróun. Það er ekki algilt en meginreglan er sú að þessar starfsmannaleigur, bæði innlendar og erlendar, eru þekktar fyrir að skrapa botninn þegar kemur að kjörum og réttindum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði,“ segir Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands. Starfsmannaleigur eru þjónustufyrirtæki sem leigja út starfsmenn gegn gjaldi til að sinna störfum á vinnustað og undir verkstjórn notendafyrirtækis.

Árið 2013 var ein starfsmannaleiga starfandi hér á landi með tíu starfsmenn á sínum snærum. Í dag er fjöldi starfsmannaleiga 25 og áætlað er

að rúmlega þúsund starfsmenn starfi fyrir þær, en langflestir starfsmanna eru frá Austur-Evrópu. Þessa þróun má rekja til mikillar uppsveiflu í byggingariðnaði og ferðaþjónustu.

Halldór segir flókið að fylgjast með því hvort starfsmannaleigurnar fari eftir lögum. „Það er erfitt fyrir okkur að ná sambandi við starfsfólkið sjálft. Bæði vegna þess að það óttast oft að tjá sig um laun og og starfskjör og vegna þess að það er mjög háð vinnuveitendum sínum,“ segir Halldór.

ASÍ og stéttarfélagin hafa eftt mjög

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

25 starfsmannaleigur eru hér á landi.
1.000 manns starfa fyrir þær.

vinnustaðaeftirlit vegna uppkominnar stöðu. Til þess að bregðast við mögulegum kjarabrotum krefjast ASÍ og stéttarfélag þess að fá auknar eftirlitsheimildir með starfsmannaleigum og að Vinnuálastofnun, Vinnueftirlitið og ríkisskattstjóri fái úrræði til þess að stöðva starfsemi vegna alvarlegra og ítrekaðra brota.

„Við hjá ASÍ sjáum fyrir að starfsmannaleigum muni fjölga ört og því er nauðsynlegt að við höfum þau úrræði sem við þurfum til þess að takast á við kjarabrot, komi þau upp,“ segir Halldór Grönvold. – þh


Fréttablaðið í dag

SKODUN Bergur Ebbi skrifar um sultu. Árgerð 2016. **16**

SPORT Norma Dögg ákvað að söðla um eftir farsælan feril í áhaldafimleikum. **16**

TÍMAMÓT Hringskonur gefa Barnaspítalanum ný tæki fyrir 16,5 milljónir króna. **18**

LÍFIÐ Kvennókisinn Gosi mætir samvisskusamlega í skólann á hverjum morgni. **34**



PLÚS 1 SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

HREKKJAVAKAN NALGAST!

HOKUS POKUS

hokuspokus.is

Veður



Minnkandi sunnanátt, víða hægviðri í kvöld. Rigning með köflum norðvestan til, léttskýjað að mestu norðan- og norðaustanlands, en annars skýjað með köflum og dálitlar skúrir, einkum suðaustan til á landinu. **SJÁ SÍÐU 20**



Kjartan Magnússon borgarfulltrúi.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Orðin leið á hrakyrðum fundarstjóra

STJÓRNSÝSLA Óviðunandi er að formaður borgarráðs misnoti hlutverk sitt til þess að hrakyrða fulltrúa minnihlutans. Þetta er fullt í bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og flugvallarvina í fundargerð borgarráðs frá því í gær.

„Þetta er leiðindamál. Mér finnst mikilvægt að þegar menn eigast við í pólitík þá geti menn átt kurteisleg samskipti þótt þeir séu ekki sammála um málefnið,“ segir Kjartan Magnússon, fulltrúi Sjálfstæðisflokks. Kjartan segir að þótt menn séu ósammála um málefnið þurfi samskipti þar fyrir utan að vera í lagi. Það hafi hins vegar ekki tekist í þessu tilfelli.

Kjartani finnst fundarstjórn formanns vera ókurteisleg gagnvart fulltrúum minnihlutans. „Sem fundarstjóri á hann ekki að gera upp á milli manna eftir því í hvaða flokki þeir eru. Að sjálfsögðu er fundarstjóri líka borgarráðsmaður með pólitískar skoðanir og hann hefur fullan rétt á að tjá sig en hann á að gera það innan almennra fundarskapa.“

S. Björn Blöndal, formaður borgarráðs, fullyrðir sjálfur að vinnubrögð hans stangist ekki á nokkurn hátt á við fundarskóp heldur sé verið að reyna að koma í veg fyrir að hann beiti sér í pólitískri umræðu.

„Mér finnst þetta mjög ómakleg gagnrýni satt best að segja,“ segir Björn. – þea

Óð upp í ökkla



Helga Kristín Valgarðsdóttir þurfti að fara úr skónum og vaða til þess að komast leiðar sinnar með ungbarn sitt. Mikið rigndi á landinu í gær og olli það vatnavöxtum í ám víðs vegar um Suðurland, til dæmis í Elliðaánnum. Ekki er von á öðru eins úrhelli á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gústaf skýtur á formann ÍP

STJÓRNMÁL „Þú getur ekki ýtt hrip-leku skipi úr höfn með handónýtan skipstjóra þótt áhöfnin sé góð. Þá fer allt til fjadans,“ segir Gústaf Nielsson um Helga Helgason, formann Íslensku Þjóðfylkingarinnar. Gústaf og Gunnlaugur Ingvarsson, oddvitar flokksins í Reykjavíkarkjördæmunum, drógu framboð sín til baka í gær.

Gústaf segir Helga hafa fallist á að vikja úr formannsembætti í september að beiðni oddvittanna en það hafi hann aldrei gert. „Hann getur ekki tekið ákvörðun, þessi maður. Hann kann engin vinnubrögð,“ segir Gústaf.

Í yfirlýsingu sem Helgi sendi frá sér í gær segir að Gústaf hafi hótad því að drepa framboðið fái hann ekki vilja sínum framgengt. – þea

Borga ekki krónu fyrir gamla hafnargarðinn

Ríkissjóður mun ekki þurfa að greiða 600 milljóna króna reikning vegna varðveislu gamals hafnargarðs í Reykjavík. Þetta segir forstöðumaður Minjastofnunar sem kveður hluta garðsins verða komið fyrir í kjallara nýs verslunarhúss.

STJÓRNSÝSLA „Við erum að klára málið, það er ekki í neinum vandræðum,“ segir Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar, um lyktir ágreinings um kostnað vegna varðveislu gamals hafnargarðs á framkvæmdasvæði ofan við höfnina í Reykjavík.

Eins og fram kom í fréttum Stöðvar 2 þann 20. ágúst í sumar barst Minjastofnun 600 milljóna króna reikningur frá lóðarhafanum, Reykjavík Development, vegna ýmiss kostnaðar af hafnargarðinum sem var skyndifriðaður af Minjastofnun í fyrra eftir að þáverandi forsætisráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, hafði afskipti af málinu.

Minjastofnun hafnaði því að borga reikninginn. „Ástæður þess er fjölþættar. Það er einfaldlega lögbundið sem framkvæmdaaðilinn þarf að gera og við höfnuðum ýmsum liðum á þeirri forsendu. En þetta mál er að leysast í góðri samvinnu og er ekkert vandmál lengur,“ segir forstöðumaðurinn sem kveður „boltann“ vera hjá framkvæmdaaðilanum. „En við erum að vinna að lausn á varðveislu garðanna í sameiningu.“

Steinarnir eru enn í geymslu á lóð hafnaryfirvalda í Örfirisey og liggja þar númeraðir og tilbúnir fyrir frekari notkun. „En þeir fara að koma í húsin og á lóðina. Þessu verður að hluta til komið fyrir í kjallaranum og svo er starfsfólk hér að vinna með starfsfólki fram-



Hafnargarður frá 1928, sem kom í ljós við framkvæmdir við nýtt verslunarhús nærri Reykjavíkurhöfn, er geymdur í Örfirisey. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þetta mál er að leysast í góðri samvinnu og er ekkert vandmál lengur.

Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar



kvæmdaaðila að lausn málsins,“ segir Kristín.

Aðspurð hvort Minjastofnun þurfi örugglega ekki að bera kostnað vegna málsins segir Kristín ekki svo vera. „Ekki nema kostnað vegna starfsfólksins,“ tekur hún þó fram.

Byggingin sem ris á lóðinni mun hýsa verslanir og þjónustustarfsemi. Meðal annars verslun H&M. gar@frettablads.is

Þjáist þú af mígreni?



Söluastaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana

TVEGGJA MÁNADA SKAMMTUR

LIFÐU ÞIG INN Í RX

Fáguð hönnun Lexus RX 450h tvinnar saman formfegurð og háþróaða tækni í sportjeppa sem grípur augað. Lifðu þig inn í akstur sem umbreytir hugmyndum þínum um lúxus og gæði.

lexus.is

Lexus-Ísland | Kaupþúni 6 | Garðabæ | Sími: 570 5400

RX 450h



Kannast ekki við að lögregla megi banna akstur um Austurstræti

SAMGÖNGUR Öll umferð er bönnuð um Austurstræti samkvæmt auglýsingu lögreglustjórans í Reykjavík sem birt var í fyrradag. Búið er að birta auglýsinguna og þar með hefur hún tekið gildi og er því bannað að keyra um götuna. „Næsta skref er að setja upp skilti þar sem skýrt kemur fram að allur akstur sé bannaður,“ segir Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri umferðardeildar lögreglu. Þorsteinn R. Hermannsson, samgöngustjóri á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar,



Lögfræðingur sviðsins er með málið á sinni könnu núna og er að kanna þetta.

Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs



kannast ekki við þessa lokun lögreglu. „Þetta eru fréttir, það stóð einungis til að banna akstur á vegarkafli Austurstrætis sem nær frá Lækjartorgi að Pósthússtræti,“ segir hann.

Ástæðan fyrir því að umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar tók málið á dagskrá er vegna þess að lögregluna hefur skort úrræði til að sekta og beita viðurlögum gagnvart þeim er hafa ekið Austurstrætið frá Pósthússtræti að Lækjartorgi.

„Með auglýsingu lögreglunnar

er verið að hnykkja á því að þessi hluti Austurstrætis sé göngugata og eina undanþágan sé fyrir vörulöslun á morgnana. Það er töluvert um akstur yfir Lækjartorg og inn á þennan hluta Austurstrætis og hefur það valdið hættu fyrir gangandi vegfarendur ásamt því að miklar skemmdir hafa orðið á gangstéttarhellum,“ segir Þorsteinn.

Halldór Halldórsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, var hissa á fréttunum þegar Fréttablaðið hafði samband við hann. „Ég hefði ekki

samþykkt það ef ég hefði skilið það þannig að loka ætti öllu Austurstrætinu. Ég mun taka málið upp aftur, ef á þarf að halda,“ segir Halldór.

Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar og formaður umhverfis- og skipulagsráðs, segir að auglýsingin verði kölluð til baka ef textinn sem var sendur Stjórnartíðindum reynist ekki hafa verið réttur. „Lögfræðingur sviðsins er með málið á sinni könnu núna og er að kanna þetta,“ segir Hjálmar. thorgeirh@frettabladid.is



Skammtímaveikindi kosta skóla- og frístundasvið alls 333 milljónir króna.

Veikindi kosta borgina milljarð

SAMFÉLAG Veikindafjarvistir starfsmanna Reykjavíkurborgar árið 2015 kostuðu borgina yfir milljarð. Þetta kom fram á borgarráðsfundi í gær þar sem fyrirspurn Framsóknar og flugvallarvina var svarað.

Um er að ræða bæði skammtíma- og langtímaveikindi en ekki er tiltæk sundurliðun þar á milli. Starfsmenn velferðarsviðs voru oftast veikir, svo starfsmenn umhverfis- og skipulagssviðs en menningar- og ferðamálasvið verða sjaldnast fyrir veikindum. Kostnaður vegna afleysinga í langtíma- og skammtímaveikindum skiptist þannig að 473 milljónir króna fóru á skóla- og frístundasvið vegna langtímaveikinda og 333 milljónir vegna skammtímaveikinda. Þá fóru 207 milljónir á velferðarsvið og 26,7 milljónir á íþrótt- og tómstundasvið. Alls þurfti borgin því að greiða um 1.040 milljónir vegna veikinda.

Í svari Dags B. Eggertssonar við fyrirspurninni segir meðal annars að kostnaðurinn nemi 2,7% af heildarlaunakostnaði Reykjavíkurborgar og að borgin sé með viðverustefnu sem hafi það að markmiði að styðja við og hlúa að starfsmönnum vegna fjarveru frá vinnu vegna veikinda, slysa eða áfalla – **bbh**

2,7%

af heildarlaunakostnaði borgarinnar fer í veikindi.

Ráðuneyti hrókerar orðljótum sérfræðingi í fangelsismálum

Sérfræðingur sem sinnti fangelsismálum í innanríkisráðuneytinu sendi í ógáti tölvupóst með formælingum um umboðsmann Alþingis og um félag fanga. Var tekinn á teppið 2014. Fluttur til í starfi að þessu sinni. Biðst afsökunar en fangar vilja rannsókn á starfsháttum. Umboðsmaður litur málið alvarlegum augum.

STJÓRNSÝSLA Tölvupóstur sem Skúli Þór Gunnsteinsson, lögfræðingur í innanríkisráðuneytinu, sendi óvart á formann Afstöðu, félags fanga, hefur leitt til þess að hann hefur verið fluttur til í starfi og kemur ekki lengur að málefnum fanga.

Málið sem Skúli fjallar um í tölvupóstinum varðar þá breytingu sem gerð var 1. apríl 2014 að fangar mega ekki fara inn í klefa hver hjá öðrum. Afstaða, félag fanga, leitaði til umboðsmanns Alþingis, sem óskaði skýringa hjá innanríkisráðuneytinu.

Skúli gerði drög að svari fyrir hönd ráðuneytisins og sendi í tölvupósti til Bryndisar Helgadóttur, skrifstofustjóra lagaskrifstofu ráðuneytisins. Samtímis sendi Skúli, óvart að því er virðist, afrit til Guðmundar Inga Þórðssonar, formanns Afstöðu.

„Ég er orðinn býsna þreyttur á þessu máli,“ skrifar Skúli í orðsendingu sem fylgir svardrögnum. „Mest langar mig til að fá starfsmenn umboðsmanns hingað, hrista þá til og láta þá hanga :q og benda þeim á að þeir sem eru að kvarta, það er Afstaða, eru þeir sem hafa verið að berja á öðrum föngum og eru eðlilega ósáttir við reglurnar.“

Þá segir Skúli í inngangi sínum að fangar hafi hringt í Fangelsismálastofnun og þakkað fyrir reglurnar. „Þeir myndu aldrei fagna þeim opinberlega. Kannski þarf bara að segja það í bréfi til umba [umboðsmanns Alþingis], veit ekki.“

Eftir að innanríkisráðuneytinu og Skúla varð ljóst að formaður Afstöðu fékk tölvupóstin í ógáti fengu Afstaða og umboðsmaður

Alþingis afsökunarbeiðni frá ráðuneytinu og Skúla sjálfum sem kvaðst vera mannlegur og hafa gert mistök.

„Ég harma mjög að pósturinn hafi borist þér vegna mistaka og bið þig afsökunar á því sem og ófaglegum ummælum sem var að finna í póstinum. Þau ummæli má fyrst og fremst rekja til mikils álags við vinnslu mála þennan dag og endurspeglar alls ekki viðhorf mitt til Afstöðu eða félagsmanna þess félags, umboðsmanns Alþingis eða fanga yfirhöfuð,“ segir Skúli meðal annars í afsökunarbeiðni til Guðmundar.

Aðspurður segir formaður Afstöðu, að afsökunarbeiðni Skúla hafi ekki verið svarað. „Ráðuneytið hefur talað um að þetta verði rannsakað og við teljum að sú rannsókn þurfi að fara fram á embættisfærslum hans,“ segir Guðmundur Ingi og ítrekar að tölvupóstur Skúla innihaldi mjög alvarlega fordóma og fullyrðingar sem séu algerlega rangar.

„Við vitum ekkert hversu mikið svona viðhorf eyðileggja út frá sér. Og eins hvaðan slík viðhorf eiga uppruna sinn, ekki bara gagnvart Afstöðu heldur til umboðsmanns Alþingis. Því ef þetta nær lengra inn í kerfið erum við í svolitlum vanda,“ segir Guðmundur Ingi, sem kveður innanríkisráðuneytið hafa verið „sjálfvirkan stimpil“ fyrir ákvarðanir Fangelsismálastofnunar. „Og það er bara mjög slæmt.“

Umboðsmaður Alþingis sagðist í svari til fréttastofu í gær líta ummæli Skúla alvarlegum augum og hafa komið þeim sjónarmiðum á fram-



Innanríkisráðuneytið baðst afsökunar á formælingum sérfræðings síns í fangelsismálum og færði hann til í ráðuneytinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Við vitum ekkert hversu mikið svona viðhorf eyðileggja út frá sér.

Guðmundur Ingi Þórðsson, formaður Afstöðu



Þeir sem eru að kvarta, það er Afstaða, eru þeir sem hafa verið að berja á öðrum föngum og eru eðlilega ósáttir.

Skúli Þór Gunnsteinsson, lögfræðingur í innanríkisráðuneytinu

færi við ráðuneytið. Hann telji ekki rétt að bregðast frekar við á þessu stigi „meðal annars í ljósi þess að það kunni að koma í hlut umboðsmanns að fjalla um kvartanir vegna málsins“.

Eins og fram kom í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi hefur Skúli verið fluttur til í starfi hjá innanríkisráðuneytinu og kemur ekki lengur að fangelsismálum þar.

Fyrir tæpum tveimur árum sagði visir.is frá því að í ráðuneytinu hefðu verið gerðar „munlegar aðfinnslur“ við Skúla vegna útsendingar tölvupósts á netfangi ráðuneytisins þar sem hann rakti fyrir lögfræðingi Barnaverndarstofu meinta skapgerðarbresti konu sem stóð í sambandsslitum við vin Skúla. gar@frettabladid.is

Frjáls framlög – enginn kostnaður!

Sett hafa verið á fót góðgerðarsamtök sem nefnast Samferða og munu þau taka til starfa fljótlega

Með von um að þú sjáir þér fært að styðja við þá sem minnst mega sín

Vertu vinur okkar á facebook og taktu þátt!

Allar upplýsingar á www.facebook.com/samferdafoundation

Banki: 322 – Hb: 13 – Reikningsnúmer: 302699 – Kennitala: 5510090170

Símanúmer sem hægt er að hringja í 9071081 9071083 9071085 9071090
og styrkja samtökin 1.000 kr. 3.000 kr. 5.000 kr. 10.000 kr.



**PROVEN
EXCLUSIVITY**
Certified Pre-Owned Mercedes-Benz

Kraftmiklir bílar fyrir krefjandi aðstæður.

Tveggja ára ábyrgð og þjónusta innifalin með viðurkenndum Mercedes-Benz.

4MATIC fjórhjóladrifskerfið er kjörið fyrir krefjandi íslenskar aðstæður. Það kemur að góðum notum í vetrarfærðinni og utan alfaraleiða. Kynntu þér viðurkenndan bíl frá Mercedes-Benz með 4MATIC fjórhjóladrifi.



Verð 8.190.000.-

ML 350 4MATIC

Árgerð 2013, ekinn 34 þús. km, dísil, 2.987 cc og 259 hð.

Aukabúnaður: Artico leður, nálgunarvarar, LED ljósapakki o.fl.



Verð 6.790.000.-

ML 250 4MATIC

Árgerð 2013, ekinn 75 þús. km, dísil, 2.143 cc og 205 hð.

Aukabúnaður: Artico leður nálgunarvarar, dráttarbeisli, o.fl.



Verð 9.290.000.-

ML 350 4MATIC

Árgerð 2014, ekinn 30 þús. km, dísil, 2.987 cc og 259 hð.

Aukabúnaður: Artico leður, nálgunarvarar, rafdrifinn afturhleri o.fl.



Mercedes-Benz

Askja notaðir bílar

Klettháls 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · notadir.is
Viðurkenndur endursöluaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Opnunartímar
Virka daga 10–18, laugardaga 12–16

Þú finnur „Askja notaðir bílar“
á Facebook

Hundrað milljörðum varið í samgöngur

Samkvæmt nýrri samgönguáætlun sem samþykkt var á Alþingi verður umtalsverðu fé ráðstafað í jarðgangagerð. Mikil áhersla verður lögð á viðhald samgagna sem hefur verið vanrækt samkvæmt Svandísi Svavarsdóttur. Þverpólísk sátt náðist um frumvarpið.

SAMGÖNGUR Samgönguáætlun til fjögurra ára var samþykkt á þinginu í fyrradag af öllum viðstöddum þingmönnum. Áætlunin gerir ráð fyrir að rúmum 100 milljörðum króna verði varið til framkvæmda í samgöngumálum á árunum 2015 til 2018.

„Þetta var rýr áætlun til að byrja með en í meðferðum nefndarinnar tók hún jákvæðum breytingum. Við í minnihlutunum lögðum mesta áherslu á aukið fjármagn í viðhald til þess að koma í veg fyrir að vegakerfið drabbist niður. Á endanum tókst að fá meirihlutann til þess að standa með okkur,“ segir Svandís Svavarsdóttir, þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Samkvæmt samgönguáætluninni er umtalsverðu fé ráðstafað í jarðgangagerð. Stefnt er að því að ljúka framkvæmdum við Norðfjarðargöng á næsta ári og hefja framkvæmdir við Dýrafjarðargöng sama ár. Undirbúningsvinnu Fjarðarheiðarganga lýkur árið 2018 og áfram verður unnið að jarðgöngum við Bakka, en í heildina er rúmum tíu milljörðum ráðstafað í jarðgangaf framkvæmdir.

Til stofnvegakerfisins er ráðstafað rúmum 35 milljörðum ásamt átján milljörðum sem er ráðstafað í viðhald með vegum og vegmerkningum. Ný Vestmannaeyjaferja verður smíðuð og snjóflóðavörnum verður komið fyrir í Súðavíkurlíð.

„Vegakerfið hefur verið vanrækt allt þetta kjörtímabil og það var kominn tími til þess að ráðstafa fé í það. Við þurfum að huga miklu betur að vegakerfinu enda eru þetta mikilvægustu innviðirnir fyrir ferðaþjónustu og byggðapróun,“ segir Svandís. thorgeirh@frettabladid.is

Viðamestu framkvæmdir í samgönguáætlun ríkisins

Vegakerfið hefur verið vanrækt allt þetta kjörtímabil og það var kominn tími til þess að ráðstafa fé í það -

Svandís Svavarsdóttir, þingmaður VG



500

milljónir fær Reykjavíkflugvöllur í viðhald.

3,6

milljarðar fara í styrki til almenningsamgagna á höfuðborgarsvæðinu.

| Gerð staður | kostnaður |
|--|---------------|
| 1 ● Norðfjarðargöng | 5.320.000.000 |
| 2 ● Dýrafjarðargöng | 4.500.000.000 |
| 3 ● Smíði á nýrri Vestmannaeyjaferju | 3.600.000.000 |
| 4 ● Almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu | 2.981.000.000 |
| 5 ● Jarðgöng að Bakka | 2.160.000.000 |
| 6 ● Dettifossvegur vestri að Norðausturvegi | 2.100.000.000 |
| 7 ● Um Hornafjarðarfljót | 2.088.000.000 |
| 8 ● Selfoss - Hveragerði | 1.800.000.000 |
| 9 ● Tvöföldun Reykjanesbrautar frá Hafnarfirði að Hvassahrauni | 1.000.000.000 |



| Gerð staður | kostnaður |
|--|-------------|
| 10 ● Landeyjahöfn | 961.000.000 |
| 11 ● Vegur um Dynjandisheiði | 850.000.000 |
| 12 ● Biskupstungnabraut - Laugarvatnsvegur | 700.000.000 |
| 13 ● Þorlákshöfn | 423.700.000 |
| 14 ● Súðavíkurlíð | 250.000.000 |
| 15 ● Húsavíkurlíð | 233.000.000 |
| 16 ● Fjarðarheiðargöng | 140.000.000 |
| 17 ● Jarðgöng milli Siglufjarðar og Fljóta | 10.000.000 |

● Jarðgöng ● Hafnarframkvæmdir ● Vegir
● Snjófljóðavarnir ● Ferja ● Almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Auglýst er eftir umsóknum um þátttöku í tilraunaverkefni um styttingu vinnutíma

Velferðarráðuneytið auglýsir eftir umsóknum frá vinnustöðum hjá ríkinu um þátttöku í tilraunaverkefni ríkisins og BSRB um styttingu vinnutíma og eru vinnustaðir um allt land hvattir til þátttöku.

Markmið verkefnisins er að kanna hvort stytting vinnuviku leiði til gagnkvæms ávinnings starfsmanna og viðkomandi vinnustaða.

Valdir verða fjórir vinnustaðir þar sem vinnutími verður styttr án þess að til launaskerðingar komi. Stefnt er að því að tveir þeirra verði vaktavinnustaðir.

Tilraun um styttingu vinnutíma mun standa yfir í eitt ár, frá 1. febrúar 2017 til 1. febrúar 2018, á þeim vinnustöðum sem taka þátt.

Umsóknarfrestur rennur út 7. nóvember nk.

Nánari upplýsingar fást í velferðarráðuneytinu í síma 545-8100 og á vef ráðuneytisins, www.velferdarraduneyti.is.

Bréfberi ógn við Batmanmynd

KVIKMYNDAGERÐ Póstburðarmaðurinn Jón Halldórsson á Hólmavík er ósáttur við að geta ekki tekið myndir óáreittur á athafnasvæði kvikmyndagerðarfólks sem nú er í Djúpuvík á Ströndum.

Verið er að taka upp atriði í Hollywood-myndinni Justice League sem er með stórstjórnuna Ben Affleck í hlutverki Batmans. Gríðarleg umsvif kvikmyndagerðarmannanna hafa vakið athygli. Einkapötur, þyrllur, rútuheringur og heilt húsbilaverfi koma þar við sögu.

Jón segir að þegar hann hafi komið að Djúpuvík á mánudag hafi menn merktir Securitas tekið á móti honum um einum kílómetra utan við þorpið. „Einn þeirra stoppaði mig af og sagði að það væru bannaðar allar myndatökur,“ segir Jón. Hann hafi gengið upp í fjallendi og tekið myndir þar yfir svæðið. Myndirnar birti hann á bloggsíðu sinni holmavik.123.is og á Facebook.

Síðar um kvöldið kveðst hann hafa fengið símhringingu frá yfirmanni öryggismála á tókustaðnum. Sá hafi verið gríðarlega hvass og sagt fyrirteki sitt geta orðið gjaldþrota vegna myndbirtinganna. „Hann skipaði mér að taka þetta út – sem ég bara gerði ekki.“

Hannes Leifsson, aðalvarðstjóri lögreglunnar á Hólmavík, segir aðspurður að í raun hafi kvikmyndagerðarfólkið ekki vald til að banna fólki sem leið á um veginn um Djúpuvík að taka myndir. Hins vegar séu leikmunirnir á einkalöð og hægt sé að banna myndatökur af þeim og af fólkinu. „Þannig að væntanlega getur landeigandi eða þá leigjandi bannað slíkar myndatökur án þess að ég sé að fullyrða neitt,“ segir hann.

Að sögn Hannesar er verkefnið



Djúpuvík er afskekkt og yfirleitt friðsæl en nú eru þar nú mikil umsvif vegna upp-töku á Justice League. SAMSETT MYND FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN NORDICPHOTOS/AFP

Hann er virkilega að gera þetta í óþökk þeirra íbúa sem búa hérna.

Hannes Leifsson, aðalvarðstjóri lögreglunnar á Hólmavík

Hann skipaði mér að taka þetta út – sem ég bara gerði ekki.

Jón Halldórsson, póstburðarmaður á Hólmavík

ótrúleg innspýting fyrir lítið samfélag með fábrotna atvinnustarfsemi. Jón sé hins vegar að spilla fyrir með birtingu myndanna.

„Þessi ágæti aðili, hann Jón póstur, hann er svolítið að skemma fyrir öllum hinum, vegna þess að eins og gengur þá er þetta verkefni sem er háð ákveðnum reglum og

þessir aðilar sem að þessu koma eru látnir skrifa undir samninga um að halda trúnað,“ segir Hannes. „Hann er virkilega að gera þetta í óþökk þeirra íbúa sem búa hérna. Þarna er fólk að fá vinnu og ég veit að íbúar hér vonast til þess að þetta komi þessu svæði á kortið.“

Sem dæmi um þátttöku heimamanna nefnir Hannes að tvær eða þrjár rútur farið frá Hólmavík með statista norður í Djúpuvík. Hann ber framleiðslufyrirtækinu, True North, afar vel söguna.

„Það er gott að eiga við þetta fólk. Þeir löbbuðu með mér út um allt og reyna að standa að þessu eins vel og þeir mögulega geta,“ segir Hannes sem kveður beiðni kvikmyndagerðarfólksins vegna myndbirtinga setta kurteislega fram. Jón Halldórsson segist vera mjög forvitinn og hafa verið að spyrja aðra um bíómyndina. „En það vill enginn svara; þeim er bara sagt að halda kjafti.“

gar@frettabladid.is

Lifðu þig inn í Sjónvarp Símans Premium

með Heimilispakka Símans



Yfir 5.500 klukkustundir af heilum þáttaröðum þegar þér hentar. **Svona á sjónvarp að vera.**



Sjónvarp Símans
Premium



Sjónvarp Símans
Appið



Sjónvarpsþjónusta
Símans



9 erlendar
sjónvarpsstöðvar



Endalaus heimasími



Netið 250 GB



Spotify Premium

Heimilispakkinn

13.000 kr./mán.

Línugjald ekki innifalið. Verð frá 2.600 kr./mán.

Pantaðu Heimilispakkann í síma 800 7000
eða opnaðu Netsjall á siminn.is



Skortur á Marmite smyrju hefur valdið ólgu í Bretlandi. FRÉTTABLAÐID/EPA

Gengi pundsins lækkað um 4%

VIÐSKIPTI Um eftirmiðdaginn í gær hafði gengi pundsins lækkað um fjögur prósent á einni viku, úr 1,266 gagnvart dollar í 1,22. Gengi pundsins tók dýfu sex daga í röð

Í gær vöktu deilur milli Tesco verslunarkæðunnar og Unilever olgu á breskum hlutabréfamarkaði.

Tesco er í verðstríði við birgi sinn Unilever. Tesco hefur tekið úr sölu Marmite, PG Tips (te) og Ben & Jerry's ís, svo eitthvað sé nefnt, á vefsíðu sinni, og einnig eru litlar birgðir af þeim vörum í verslunum Tesco. Unilever vill hækka verð á vörum sínum um tíu prósent, en Tesco vill ekki hækka verð sitt gagnvart viðskiptavinum sem gætu þó farið að versla annars staðar.

Gengi pundsins hefur fallið töluvert gagnvart krónunni að undanfögnu og mældist um eftirmiðdaginn í gær 139,47. – **sg**

Hæstiréttur felldi niður mál gegn Hannesi

DÓMSMÁL Hæstiréttur felldi í gær niður fjárdráttarmál gegn Hannesi Smárasyni, fyrrverandi stjórnarformanni og forstjóra FL Group, en Hannes var sýknaður af ákæru sérstaks saksóknara í Héraðsdómi Reykjavíkur í febrúar í fyrra. Hæstiréttur fellir málið niður vegna mikilla tafa sem orðið hafa á því og verður ekki annað skilið af dómnum en tafirnar séu á ábyrgð ákærvaldsins sem meðal annars skilaði of seint inn greinargerð til réttarins vegna málsins.

Sérstakur saksóknari ákærði Hannes fyrir að hafa dregið sér tæplega 3 milljarða af reikningi FL Group í Kaupþingi í Lúxemborg sem svo voru lagðir inn á reikning eignarhaldsfélagsins Fons í sama banka.

Millifærslan var framkvæmd þann 25. apríl 2005 og án vitundar og samþykkis stjórnenda og stjórnar FL Group. Hannes hefur alla tíð neitað sök í málinu og sagðist við aðalmeðferð málsins í héraði „ekkiert kannast við þessi viðskipti“. – **skh**

Suðurnesin að ná sér á flug

Gangi spár eftir um fjölgun farþega á Keflavíkurflugvelli fjölga beinum störfum um 11.000 á 20 árum, en það jafngildir helmingi allra íbúa sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Bæjarstjóri segir verkefnið áskoron.

SVEITARSTJÓRNARMÁL „Þetta er fyrst og síðast áskoron fyrir öll sveitarfélögin á Suðurnesjum að búa sig undir þetta tímabil sem fram undan er. Við verðum að bregðast hratt við,“ segir Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, spurður um framtíðarsýnina sem birtist í skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins Aton á miðvikudag.

Spáð er að 11.000 ný bein störf verði til á Keflavíkurflugvelli fram til ársins 2040, en það jafngildir því að manna þurfi eitt álver á hverju ári á rúmlega tveggja áratuga tímabili. Má í því samhengi nefna að sérstök vöktun á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi var talin nauðsynleg. Þá hefur ekki verið tekið tillit til afleiddra starfa sem jafnframt munu skipta þúsundum og starfsmönnum annarra fyrirtækja sem talið er líklegt að vilji byggja upp starfsemi í nálægð flugvallarins, hvað þá fjölskyldum þeirra sem kjósa að starfa á atvinnu-svæðinu í kringum flugvöllinn.

Til að setja þessar tölur í samhengi þá bjuggu þann 1. janúar 2014 tæplega 22.000 manns á Suðurnesjum í sveitarfélögunum fimm. Íbúum hafði þá fjölgað um 5.537 á sextán ára tímabili frá 1998, eða um 36,3%.

Kjartan Már bendir á að vöxtur í kjölfar ferðamannastraums á Keflavíkurflugvelli á næstu árum er af þeirri stærðargráðu að það er ekki aðeins sveitarfélögunum á Suðurnesjum að takast á við áskoranir honum tengdar heldur varði hann samfélagið allt. Þá verða niðurstöður skýrslunnar teknar sérstaklega upp á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum nú um helgina, og dagskrá breytt þess vegna.

„Það verður nauðsynlegt að flytja inn vinnuafli erlendis frá. Annað hvort flytur það til okkar og lifir og starfar innan sveitarfélaganna á Suðurnesjum eða völlum dregur til sín Íslendinga eða Útlendinga annars staðar frá og þá þarf vinnuafli þangað. Svo þetta varðar okkur öll sem þjóð,“ segir Kjartan Már.

Reykjanesbær glímur við alvarlegan fjárhagsvanda sem tíma tekur að leysa. Spurður um samhengi þess við uppbygginguna á Keflavíkurflugvelli segir Kjartan Már að á því séu tvær hliðar. „Góðu fréttirnar er fólksfjöldun með hærri tekjum sveitarfélagsins en við vitum líka að fólksfjöldun fylgja fjárfestingar í innviðum – skólum og leikskólum sem dæmi. Þetta er bara eitthvað sem við verðum að finna út úr, og það hlýtur að teljast ánægjulegt verkefni ef hinn valkosturinn er



Framkvæmdir við flugvöllinn hafa verið nær samfelldar síðustu árin. FRÉTTABLAÐID/ANTON

Störfum fjölga

• Á árinu 2016 mun beinum störfum fjölga um **1.300** störf, enda mun farþegum fjölga um 37%.

• Árið 2020 verður vöxturinn kominn í **7%** og árið 2023 verður vöxturinn nærri spá Alþjóðaferðamálaráðsins, eða 4%.

• Beinum störfum á Keflavíkurflugvelli mun fjölga um **3.600** frá og með árinu 2016 fram til ársins 2020.

• Árið 2026 verða bein störf tæplega tvöfalt fleiri en þau eru talin verða í ár, eða **10.000** tæplega.

• Árið 2040 verða um **16.000** bein störf á Keflavíkurflugvelli.

Heimild: Keflavíkurflugvöllur – Stóriðja í stöðugum vexti; Aton 2016.

Ef þú keyrir tvo kílómetra frá Leifsstöð þá ertu búinn að vera í Sandgerði, Garði og Reykjanesbæ þegar þú kemur út úr fyrsta hringtorginu.

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar



skoðaður – að fólk væri að flytja í burtu og við sætum uppi með ónýttar fjárfestingar,“ segir Kjartan Már en það er vel þekkt að atvinnuleysi í Reykjanesbæ fór í 17 prósent fyrir stuttu, en er aðeins þrjú prósent í dag.

„Þetta er ekki eitthvað sem bæjarfélagið leysir eða sveitarfélögin ein, heldur krefst þetta samstarfs við Ísavia og fyrirtæki á svæðinu á næstu misserum,“ segir Kjartan Már.

Sameining sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur lengi verið til umræðu


– og Garður og Sandgerði eru þessa dagana að hefja formlegar viðræður um sameiningu. Kjartan Már segir of snemma að segja til um hvort nýjar upplýsingar setji frekari þrýsting á sameiningu allra sveitarfélaganna á svæðinu, en það sé hans skoðun að sameining allra sveitarfélaganna fimm sé eðlileg og í raun aðeins tímaspursmál. „Ef þú keyrir tvo kílómetra frá Leifsstöð þá ertu búinn að vera í Sandgerði, Garði og Reykjanesbæ þegar þú kemur út úr fyrsta hringtorginu,“ segir Kjartan Már til áherslu. svavar@frettbladid.is

Gæti skapað allt að 90 ný störf

VIÐSKIPTI „Við höfum í hyggju að rækta 20 þúsund tonn af laxi í Ísafjarðardjúpi. Við gerum ráð fyrir að þegar allt verður komið í botn hjá okkur verðum við með 60 til 90 manns í vinnu hjá okkur beint við eldið. Svo á eftir að telja afleidd störf,“ segir Þorsteinn Másson, útibússtjóri Arnarlax í Bolungarvík.

Laxeldisfyrirtækið Arnarlax opnaði nýverið skrifstofu í Bolungarvík. Fyrirtækið er í eigu norskra og íslenskra fyrirtækja og hefur á síðustu árum byggt upp laxeldi í Arnarfirði. Í vetur var svo sett upp tæknivætt laxasláturhús á Bildudal. Arnarlax mun framleiða rúmlega sjö þúsund tonn á þessu ári og tíu þúsund tonn á því næsta.

„Við vonum að geta hafið starfsemi í Ísafjarðardjúpi í kringum 2018. Við erum að vinna í leyfismálunum núna. Leyfin eru háð mjög ströngum skilyrðum því það eru margar stofnanir sem koma að leyfisveitingu áður en starfsemi getur hafist,“ segir hann.



Laxeldið myndi líklega hefjast í Ísafjarðardjúpi árið 2018. FRÉTTABLAÐID/PJETUR

Þorsteinn á von á að Íslendingar geti mannað mörg af þessum 90 störfum sem verða til.

„Við horfum mikið til reynslunnar á Bildudal, það er mjög gaman að segja frá því að þar var mikið af fyrrverandi Bilddælingum sem komu til baka, því eldið kallar eftir alls konar fólki með alls konar reynslu og menntun. Hlutfall menntaðs starfsfólks er hærra en marga grunar.“ – **sg**

Við erum að vinna í leyfismálunum núna. Leyfin eru háð mjög ströngum skilyrðum

Þorsteinn Másson, útibússtjóri Arnarlax í Bolungarvík



ZENDIUM STYRKIR NÁTTÚRULEGAR VARNIR MUNNSINS

FÉLAG ÍSLENSKRA
TANNFRÆÐINGA MÆLIR
MÉD ZENDIUM TANNKREMI



zendium
STYRKIR NÁTTÚRULEGAR VARNIR MUNNSINS

MISMUNUN ÍSLANDS GEGN ALÞJÓÐAFJÁRFESTUM



Við höfum séð þetta áður.

Þegar kærulaus stjórnvöld fyrirgera réttarríkinu hverfur erlend fjárfesting og landsmenn gjalda fyrir það.

Á Íslandi mismuna ný lög alþjóðlegum fjárfestum og neyða þá til að selja skuldabréf sem tryggð eru í krónum með miklum afslætti, eða til að láta eignir sínar á reikninga sem bera enga vexti.

Tölum skýrt: Svívirðileg ný lög landsins mismuna fjárfestum eftir þjóðerni þeirra. Frekar en að halda áfram viðræðum við alþjóðlega fjárfesta sem reynt hafa að ná samningum í góðri trú hefur Ísland stillt þeim upp við vegg.

Gjörðir Íslands munu skaða milljónir bandarískra fjárfesta sem og stofnanir og almenning sem hafa sparifé í einstaklingsbundnum séreignasparnaði, lífeyrissjóðum og tryggingasjóðum.

Þetta eru sömu fjárfestar og Seðlabanki Íslands leitaði til árið 2008 og létu honum í té það fjármagn sem þörf var á til að koma stöðugleika á íslenskan efnahag.

Hagvöxtur á Íslandi er nú 4,5%. Ferðamannaíðnaðurinn blómstrar. Atvinnuleysi er bara 2,5% Mismunun íslenskra stjórnvalda með þessari lagasetningu setur í hættu allan þennan ávinning, sem og efnahagslegt öryggi íslenskra borgara. Það er tími til kominn að Ísland hætti þessari mismunun og komi jafnt fram við alla fjárfesta, sama hvar þeir kunna að búa.

ÍSLAND:
Hættu að mismuna; Komdu jafnt fram við alla fjárfesta



IcelandWatch.org

ICELAND WATCH ER VERKEFNI INSTITUTE FOR LIBERTY (IFL). ÞAÐ ER FJÁRMAGNAÐ AF IFL.

FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ

Vilja að þjóðin fái arð af auðlindunum

Forystumenn Sjálfstæðisflokksins, Pírata, Viðreisnar og Samfylkingarinnar eru sammála um að atvinnurekendur sem nýta auðlindina verði að greiða gjald fyrir. Allir sammála um að árangur hefur náðst í efnahagsmálum á kjörtímabilinu en deilt er um hverju má þakka.

Kosningar 2016

Snærós
Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is
Jón Hákon
Halldórsson
jonhakon@365.is



Rúmur hálfur mánuður er til kosninga. Fréttablaðið ræddi í síðustu viku við formenn fjögurra flokka sem bjóða fram til Alþingis. Næstu fjórir, þau Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, Birgitta Jónsdóttir Pírati, Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, og Oddný G. Harðardóttir, formaður Samfylkingarinnar, taka nú við og ræða helstu áherslur sínar.

Segir kaup og kjör hafa batnað

„Við töluðum um það fyrir síðustu kosningar að við myndum halda þannig á málum að fólk myndi finna fyrir því að lífið yrði auðveldara. Að kjörin og kaupin myndu batna – og

það er staðreyndin,“ segir Bjarni Benediktsson, spurður að því hvers vegna fólk ætti að kjósa Sjálfstæðisflokkinn. „Við höfum tekið þannig á málefnum ríkissjóðs að staða hans hefur gjörbreytt. Staða heimilanna er orðin allt önnur og miklu betri. Skuldir heimilanna samanburðarhæfar við það sem við áttum við hér fyrir síðustu aldamót,“ segir hann. Sjálfstæðisflokkurinn ætli að halda áfram á þessari braut, með áherslu á lága skatta, ábyrg ríkisfjármál og stöðugleika.

„Mig langar kannski til að minna á af hverju við erum að fara í kosningar núna fyrr. Það er af því að ríkisstjórnin varð að flyta kosningum af því að hér urðu stærstu mótmæli Íslandssögunnar,“ segir Birgitta. Hún segir fólk ekki hafa haft áhyggjur af stöðugleikanum þegar það krafðist kosninga. „Heldur varð hér síðferðisrof. Fólk var að mótmæla því að íslenskir ráðamenn virtust líta svo á að þeir væru ofar lögum.“ Birgitta segir Pírata leggja áherslu á stjórnarskrána, fiskveiðikerfi og endurreisn heilbrigðiskerfisins. „Og að tækla þessa spillingu,“ segir Birgitta.

Benedikt tekur undir með Birgittu að tímabært sé að horfa á kerfisbreytingar. „Við sjáum að í mörgum af þeim atriðum sem mestu máli skipta þá hafa flokkarnir, sem ráðið hafa undanfarin ár, ekki breytt hlutum sem almenningi finnst mjög ósanngjarnir,“ segir hann. Þjóðin vilji aflaheimildir á markað. Þá nefnir Benedikt að Alþingi hafi samþykkt nýjan búvörusamning, sem yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar var á móti. Það sé líka mikilvægt að gera kerfisbreytingar í gjaldryismálum með því að binda gengi krónunnar við erlendan gjaldmiðil.

Oddný segir þann árangur í efnahagsmálum, sem Bjarni vísar til, vera fyrst og fremst kominn til vegna þess að ríkisstjórnin hafi fengið í heimanmund hallalausan ríkissjóð. „Svo fengum við í stöðugleikaframlag frá kröfuhöfum og metfjölda ferðamanna, makríl og lágt olíuverð. Þetta er ástæðan fyrir því að staðan er góð og það er ástæða til að fagna því en það þarf að spila þessum árangri út til þjóðarinnar,“ segir Oddný. Þetta vilji Samfylkingin gera með því að

» Alþingiskosningar fara fram 29. október næstkomandi. Miðað við síðustu tvær skoðanakannanir Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis næðu sjö flokkar mönnum á Alþingi.

hlýða kalli fólks eftir betra heilbrigðiskerfi. Þar nefnir Oddný að hún vilji að heilbrigðisþjónustan verði gjaldfrjáls í skrefum. Hún leggur líka áherslu á aðgerðir í húsnæðismálum, með því að almennum leiguíbúðum verði fjölgað um 1.000 á ári. Þá vilji Samfylkingin að ungt fólk fái forskot á fasteignamarkaði með fyrirfram greiddum vaxtabótum.

Bjarni segir árangur stjórnvalda í glímuni við erlenda kröfuhafa ekki hafa náðst auðveldlega. „Það var svo langt því frá sjálfsgætt að við næðum

þeim árangri við afnám haftanna og uppgjör slitabúanna sem náðist. Það kostaði mikinn undirbúning, mikla yfirlegu og meiriháttar ráðgjafarvinnu, sem á endanum leiddi til þess að við sögðum að við myndum ekki sætta okkur við neina röskun á kjörum í þessum landi við uppgjör slitabúanna og það voru margir sem trúðu því ekki að þetta væri hægt,“ segir hann.

Sjónvörp og ísskápar ekki lúxus

Bjarni segir að mikilvægt hafi verið að fella niður tolla og vörugjöld. Það má hins vegar spyrja hvort sú breyting hafi einfaldlega verið lækkan á álögum á lúxusvarning, eins og sjónvörp. En Bjarni er ósammála því. „Er það þannig á árinu 2016, að menn líti á það að eiga sjónvarpstæki, ísskáp eða þvottavél sem lúxus?“ Hann segir þetta hafa falið í sér 15 milljarða lækkan á opinberum álögum. „Við fórum með efra þrep virðisaukaskattsins niður í það lægsta sem það hefur verið frá upphafi, 24 prósent. Það er hvergi lægra á neinu Norðurlandanna,“ segir hann og bætir við að tekjuskattur



Hringur er flugumferðarstjóri í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík. Hann er í beinu sambandi við flugstjóra fjölda flugvéla sem eru á leið sinni yfir hafið milli Evrópu og Bandaríkjanna og gætir þess að flugleiðin sé sem öruggust og þægilegust. Þannig er Hringur hluti af góðu ferðalagi fjölda farþega á hverjum degi.

FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ

hafi líka verið lækkaður verulega. Á næsta tímabili myndi hann vilja draga úr jaðaráhrifum í skattkerfinu.

Benedikt segir Viðreisn ekki sjá fyrir sér miklar skattalækkanir á næsta kjörtímabili. „Við erum svo sem ekki mikill skattheimtuflökkur, en það eru bara mikilvæg verkefni sem eru fram undan. Og það væri rangt að vera að gefa það í skyn að á sama tíma og menn ætluðu að hrinda þeim í framkvæmd væri svigrúm til mikilla skattalækkana,“ segir hann.

Benedikt vill fyrst og fremst sjá að heimildir til innflutnings á landbúnaðarvörum verði rýmkaðar. „Ég myndi vilja að neytendur gætu notið þess að það væri rýmkaður innflutningur og dregið úr ofurtollum.“ Hann vill gjalddöku af fyrirtækjum í sjávarútvegi, í orkugeiranum, ferðaþjónustu og vill að teknir verði upp grænir skattar.

Birgitta segir hvorki forgangsmál að hækka skatta né lækka á næsta kjörtímabili. „Aftur á móti höfum við lagt fram tillögu um að innheimta gistináttgjöld, sambærilegt og hefur verið gert í öðrum löndum í kringum okkur,“ segir hún og bætir við að hún vilji uppboð á kvóta, líkt og í Færeyjum.

Oddný Harðardóttir segist hafa verið mjög sátt við þá ákvörðun að endurskoða tollalög og vörugjöld. „Ég var hins vegar ósátt við það að það skyldi vera ákveðið að lækka sykurskattinn og að mótvægis- aðgerðir út af hækkun á mat voru



Frambjóðendur stilltu sér upp við verkið Kollsteypu eftir Elinu Hansdóttur. Verkið er núna í Ásmundarsafni við Sigtún í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ekki nægjanlegar. Og þetta þýddi það að matarreikningurinn hjá heimilunum hækkaði en það komust fleiri molar í nammipokann. Þetta fannst mér ekki rétt stefna og alls ekki rýma við lýðheilsustefnu stjórnvalda,“ segir hún.

Bjarni segir sykurskattinn hins vegar ekki hafa verið neitt annað en nýjan þriggja milljarða skatt á matarinnkaup Íslendinga. „Það var það sem hann var. Og það er skatturinn sem við tókum burt af því að hann skilaði ekki tilætluðum árangri,“ bætir Bjarni við.

„Hlutirnir löguðust ekkert þegar skatturinn var tekinn af,“ svarar Birgitta þá. En Bjarni segir að sykurskatturinn hefði þurft að vera miklu hærri ef hann hefði átt að skila árangri sem neytluskattur. „Þá þurfum við að horfast í augu við það að við þurfum að setja verulegar álögur, kannski tíu milljarða eða eitthvað svoleiðis, til að fara að ná einhverjum árangri. Þetta er samdóma álit sérfræðinga og ég held að forvarnir skili miklu meiri árangri,“ bætir Bjarni við.

Landspítalinn í forgang

Formennirnir eru sammála um að forgangsráðið í heilbrigðismálum sé að klára byggingu nýs spítala við Hringbraut. „Þessi ríkisstjórn sýndi fram á það í sinni langtímaáætlun hvernig við getum greitt fyrir það. Við erum búin að gera ráð fyrir þessu,“ segir Bjarni um kostnað við byggingu spítalans.

Oddný segir einnig mikilvægt að minnka greiðsluþátttöku sjúklinga. „Í okkar útreikningum erum við með sautján til tuttugu milljarða undir. Þar af sjö milljarða í að lækka greiðsluþátttöku sjúklinga sem felst í því að enginn þyrfti að borga meira en 35 þúsund krónur á ári. Heilsgæslan yrði fri, tannlækningar sérstaklega. Síðan færi stóri peningurinn auðvitað til Landspítalans og sjúkrahússins á Akureyri og til að efla heilsgæsluna.“

Talið berst að einkarekstri í heilbrigðisþjónustu sem Birgitta segist andvíg, ef einkareksturinn er á grunni hagnaðarsjónarmiða. „Það hafa verið gerðar tilraunir til að einkavæða stóra hluta heilbrigðiskerfisins okkar, sem er áhyggjuefni. En ef við getum haft það lögfest að þú getir ekki rekið einkarekna heilbrigðisþjónustu út frá hagnaðarsjónarmiðum þá er það allt í lagi min vegna.“

Bjarni er ósammála því. „Ég hef ekkert við það að athuga að vilji menn hafa opið lengur og skila meiri afköstum og þannig mögulega skila einhverjum afgangi í rekstrinum, þá njóti menn góðs af því. Ég er hins vegar dálítið þreyttur á þeirri umræðu að þegar menn vilja nýta kosti einkaframtaksins til þess að auka afköstin í heilbrigðiskerfinu þá tali menn eins og það eigi að einkavæða alla heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Það hefur enginn talað um að setja grunnsjúkrahúsa-

Sean er frá New York. Hann flýgur reglulega yfir Ísland á leið til Evrópu án þess að hafa komið til landsins. Hann er ákveðinn að koma einn daginn til Íslands í ævintýraferð ásamt fjölskyldu sinni.



ISAVIA

VIÐ ERUM HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI

Hjá **Isavia** starfar samhentur hópur starfsmanna. Markmið okkar er að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra 30 milljóna farþega sem fara um flugvelli og flugstjórnarsvæði okkar árlega. Okkar hlutverk er að tryggja öryggi þeirra allra og gera för þeirra sem ánægjulegasta.

Við erum að vaxa og þurfum að fjölga í liðinu okkar til að bregðast við sífelldri fjölgun farþega. Stefna okkar er að bjóða upp á gott og fjölskylduvænt starfsumhverfi, öflugra fræðslu og þjálfun og við leggjum áherslu á jákvæðan starfsanda innan fyrirtækisins.

Kynntu þér störfín sem standa til boða hjá Isavia og vertu með okkur í því að vera hluti af góðu ferðalagi.

isavia.is/atvinna
facebook.com/isaviastorf

FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ



Þrjú af fjórum flokksformönnum sem Fréttablaðið talaði við hafa settið á þingi um nokkurra ára skeið. Sá fjórði, Benedikt Jóhannesson, hefur tekið þátt í samfélagsumræðu í langan tíma en er að stiga sín fyrstu skref í stjórnárum. Flokkar Bjarna og Birgittu mælast vel fyrir í skoðanakönnunum og Benedikt stýrir nýju afli. Flokkur Oddnýjar er í sögulegu lágmarki um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

4 um þrennt

Hvað kemur fyrst upp í hugann þegar þú heyrir eftirfarandi hugtök?

Móttaka flóttamanna Kvótakerfið Stjórnarskráin

Bjarni Benediktsson



Við eigum að tryggja að flóttamenn sem koma hingað og eiga rétt á að fá hæli aðlagist samfélaginu sem best. En við verðum að vera raunsæ þegar hingað leitar fólk sem er ekki frá stríðshrjádum löndum.

Kerfið okkar skilar gríðarlegum verðmætum og þá eiginleika verðum við að tryggja áfram. Við eigum að taka sanngjarnt gjald af auðlindinni en ekki margfalda það.

Ég vil ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur, auðlindir, náttúruvernd og reglur um framsal valds til alþjóðlegra stofnana



Við höfum ekki góða reynslu af margra flokka stjórnunum.

Birgitta Jónsdóttir



Við getum að sjálfsgöðu tekið á móti fleiri kvótaflóttamönnum og mættum vera sambærileg öðrum löndum sem við viljum bera okkur saman við.

Við viljum setja kvótann á uppboð, markað eins og Færeyingar.

Að hún verði lögfest sem allra fyrst, sú sem var skrifuð af fólkinu fyrir fólkíð og var samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu.



Mig langar kannski til að minna á af hverju við erum að fara í kosningar núna fyrir.

Benedikt Jóhannesson



Ég held að Íslendingar eigi að halda áfram að taka á móti flóttamönnum og frekar auka sinn hlut í samvinnu við okkar bandalagsþjóðir.

Ég held að kvótakerfið sjálft hafi reynst ágætlega en hins vegar hefur gjaldtakan af því verið afleit og það skiptir miklu máli að við komum á markaðsleið Viðreisnar í því.

Ég held að það sé mikilvægt að við notum tilögur stjórnlagaráðs þegar stjórnarskráin verður breytt og vonandi náum við að gera það í sem stærstum áföngum.



Ég myndi vilja að neytendur gætu notið þess að það væri rýmkaður innflutningur.

Oddný Harðardóttir



Við eigum að gera enn betur því við erum rík þjóð og getum hjálpað fólk í vanda.

Ég vil að þjóðin fái fullt verð fyrir auðlindir sínar og vil bjóða afllaheimildirnar út.

Ég vil að það verði okkar fyrsta verk eftir kosningar að halda áfram þar sem frá var horfið vorið 2013 og virða þjóðaratkvæðagreiðsluna frá október 2012.



Svo fengum við í stöðugleikaframlag frá kröfuhöfum og metfjölda ferðamanna.

þjónustuna í einkarekstur. Auðvitað dettur engum það í hug. Það hefur heldur enginn talað um að öll almenn heilbrigðisþjónusta verði einkavædd þannig að sjúklingarnir þurfi að borga," segir Bjarni. Hann segir að skoða þurfi kostnaðarþátttöku sjúklinga því of mörg dæmi séu um að kostnaður sé þröskuldur fyrir sjúklingana inn í kerfið. Nú þegar sé búið að taka á verstu tillfellunum með því að setja þak á greiðsluþátttöku.

Benedikt segist opinn fyrir því að skoða hvort hægt sé að gera hlutina með ódýrari hætti án þess þó að það komi niður á öryggi sjúklinga og færni heilbrigðisstarfsmanna. „Nýr Landspítali, sem við viljum að verði reistur við Hringbraut á næstu fimm eða sex árum, gefur tækifæri til að ná fram breytingum og hagræðingu í rekstri. Þá hagræðingu eigum við að nýta til að gera meira og betur en ekki til þess að taka peninga úr kerfinu og verja minna til þessara mála. Við megum samt ekki gleyma því að það er fólk víða á landinu sem fær ekki ákveðna þjónustu sem við teljum sjálfsgöða. Við viljum bæta úr því með því að

það verði hluti af skyldum Landspítalans að sinna grunnþjónustu víða um land. Það segir sig sjálft að við getum ekki haft alla sérfræðinga alls staðar á landinu en ef það er regluleg þjónusta frá Landspítalanum þá mun það bæta lífsgæði mjög víða.“

Engin ríkisstjórn í auglýsingu

Tveggja flokka ríkisstjórn er tæpast á teikni-borðinu sé tekið mið af skoðanakönnunum. Ásta Helgadóttir, þingmaður Pírata, sagði í viðtali við Vísi fyrir í vikunni að óformlegar kaffispjallsviðræður hefðu átt sér stað á milli Pírata og Viðreisnar. „Þessar viðræður eru svo leynilegar að mér er ekki kunnugt um þær. En það er ágætt að fólk tali saman og mjög gaman ef það koma kenningar um hitt og þetta," segir Benedikt.

Birgitta hefur talað fyrir því að þeir flokkar sem sjái fyrir sér að vinna saman verði búnir að kynna það fyrir kjósendum fyrir kosningar og birti drög að stjórnarsáttmála. Það hefur ekki tíðkast í íslenskum stjórnárum. „Þannig getur fólk fengið upplýsingar um það fyrir

kosningar hvaða málamiðlanir liggja fyrir. Það er enginn flokkur sem fær 100 prósent atkvæða þannig að mér finnst óábyrgt að fara enn og aftur í kosningabaráttu án þess að það liggja fyrir hverjir geta unnið saman. Eins og Píratar hafa alltaf sagt, hér er það sem við ætlum að gera, þeir sem vilja vera með geta bara komið og talað við okkur.“

Birgitta segir þó að slíkt samtal hafi ekki átt sér stað hingað til. Hún útilokar þó ekki að þegar nær dragi kosningum verði slíkar þreifingar opinberaðar og jafnvel kynnt drög að stjórnarsáttmála. „Ég hef lagt þessa umræðu fram en auðvitað er það þannig að samræður þurfa að fara að eiga sér stað.“

Bjarni hefur áður lýst yfir áhyggjum sínum af myndun ríkisstjórnar eftir hrun. „Við höfum ekki góða reynslu af margra flokka stjórnunum og ég hef enga trú á minnihlutastjórn. Ég veit hvað það þarf að gera miklar málamiðlanir í tveggja flokka stjórn. Þær eru meiri í þriggja flokka stjórn, kannski ekki í veldisvexti en töluvert þó," segir hann. Hann hefur áhyggjur af því að menn fari fram úr sér í ríkisútgjöld-

um og hefur áhyggjur af vinnumarkaðnum. „Ófriður á vinnumarkaði er helsta uppspretta óstöðugleika í landinu.“

Oddný Harðardóttir segist sjálf hafa trú á því að Samfylkingin muni bæta við sig fylgi í komandi kosningum þrátt fyrir að mælast nú í sögulegu lágmarki.

Benedikt segist vilja ná umræðunni í kosningabaráttunni á annað plan. „Mér þykja umræðurnar snúast svo mikið um það hvað sé einhverjum að kenna í stað þess að við horfum á framtíðina. Fortíðinni getum við ekki breytt. Þrátt fyrir að árið 2008 hafi orðið efnahagsfall sem við erum að mörgu leyti búin að vinna okkur úr þá varð á sama tíma síðrof og því erum við ekki búin að vinna okkur úr. Þess vegna er vantraust í garð stjórnmalanna og stjórnmalamanna. Við þurfum að hafa þor til að takast á við kerfisbreytingar sem þjóðin kallar á. Ég held að við séum nú þegar komin á stefnumót við framtíðina og við ætlum ekki að missa af því.“

visir.is Lengri útgáfa af greininni er á Vísi.

DEWALT Á HEIMA HJÁ SINDRA...

HÖRKUTÓL Á TILBOÐI



HLEÐSLUBORVÉL 18V

Tvær 18v 2.0Ah rafhlöður
70 Nm hersla
Tveggja gíra
13 mm patróna
Kolalaus mótör

vnr 94DCD791D2

35.756 m/vsk

Fullt verð 42.500 m/vsk



HLEÐSLUBORVÉL 18V

Tvær 18v 5.0Ah rafhlöður
70 Nm hersla
Tveggja gíra
13 mm patróna
kolalaus mótör

vnr 94DCD791P2

49.700 m/vsk

Fullt verð 59.206 m/vsk



3JA LÍNULASER

DW088 3ja línu laser frá DeWALT er með þrjá geisla fyrir 90° uppstillingar.

vnr 94DW089K

59.900 m/vsk

Fullt verð 82.157 m/vsk



GEIRUNGSSÖG 216 MM

Klassísk hönnun á bútsög hefur verið uppfærð fyrir nútíma notendur, XPS skuggalína tryggir nákvæmni í hvert skipti með ljósi sem sýnir nákvæmann skugga af blaðinu í efni sem er sagað.

vnr 94DWS774

51.900 m/vsk

Fullt verð 67.099 m/vsk



2JA LÍNULASER

Tveggja línulaserinn frá DeWalt er með pendúl sem stillir laserinn af með nákvæmni allt að $\pm 0,3$ mm/m og réttir sig við 4°fyrirborðshalla.

vnr 94DW088K

29.900 m/vsk

Fullt verð 48.550 m/vsk



SVERÐSÖG

Með einstakri hönnun, endurbættum gírbúnaði og öflugum 1100w mótör. Hægt er að setja sagarblaðið í sögina á fjóra vegu.

vnr 94DWE305PK

25.900 m/vsk

Fullt verð 30.526 m/vsk



BORÐ FYRIR GEIRUNGSSAGIR

Létt og þægilegt Borð fyrir allar gerðir geirungsaga. Fætur brjótast undir borð í flutningi Borðið er 1,2m sammanbrotið en 2,6m útbreitt Festingar fyrir geirungsög fylgir

vnr 94DE7033

25.900 m/vsk

Fullt verð 39.934 m/vsk



SLÍPIROKKUR 1400W

Afl: 1400 wött
Skífustærð: 125 mm
Snúningshraði: 11500 sn/mín

vnr 94DWE4237

23.900 m/vsk

Fullt verð 28.601 m/vsk



LENGDUR OPNUNARTÍMI ÚT VIKUNA TIL 19:00

www.sindri.is / sími 575 0000

Viðarhöfða 6 - Reykjavík / Skútuvogi 1 - Reykjavík / Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

SINDRI

Loðnubrestur á besta tíma



Hafliði Helgason
hafliði@frettabladid.is

Eitt sinn hringdi íslenskur námsmaður heim þar sem hann hafði nýhafid framhaldsnám í Svíþjóð. Eins og gefur að skilja var hann spurður tíðinda og hvað kæmi honum mest á óvart á nýjum stað. Það stóð ekki á svari. Það sem hafði komið honum mest á óvart var að þann tíma sem hann hefði fylgst með fréttum þar í landi hefði ekki komið ein einasta frétt um fiskveiðar og aflabrogð.

Þetta má rifja upp nú þar sem ný tíðindi frá Haf-rannsóknastofnun um að ráðgjöf hennar hljóði upp á að ekki verði veidd loðna á komandi vertíð vekja ekki jafn sterk viðbrögð og við mætti búast. Ekki þarf að fara langt aftur til þess að slík tíðindi hefðu talist til meiriháttar áfalls fyrir efnahagslífið og sjávarútveginn.

Auðvitað eru þetta ekki góð tíðindi í sjálfu sér, en segja má að þau komi á heppilegasta tíma sem hugsast getur. Innstreymsi gjaldeyris vegna ferðaþjónustunnar hefur leitt til mikillar styrkingar krónunnar og hefur flest bent til þess að sú styrking haldi áfram enn um sinn. Farið er að gæta ruðningsáhrifa vegna hraðs vaxtar. Við erum enn minnt á það að ef eitthvað gengur vel á Íslandi, þá verður það fljótt að hlutfalls-vanda vegna smæðar hagkerfisins.

Ekki er langt síðan vöruskiptajöfnuður var mikilvægasti mælikvarðinn á viðskipti við útlönd. Þjónustujöfnuðurinn hefur á örskömmum tíma vaxið vegna ferðaþjónustunnar og breytt þessari mynd.

Þegar horft er til sjávarútvegsins má líka segja að lægra gengi krónu undanfarin ár, lágt oliuverð og almennt góð umgjörð greinarinnar hafi búið hana vel undir áföll. Eigið fé sjávarútvegsfyrirtækja er talsvert og það gerir greininni auðveldara fyrir að mæta slíkum sveiflum. Þegar vel gengur hættir mönnum til að gleyma að greinin er sveiflukennnd og ekki á vísan að róa.

Í þessu ljósi er gott að minna sig á að atvinnugreinar þjóðarinnar geta hver fyrir sig lent í óvæntum áföllum. Það gildir jafnt um ferðaþjónustuna, sjávarútveginn og orkufrekan iðnað. Kerfisbreytingar og skattheimta á atvinnulífið þarf að taka mið af því að hugmyndir um réttlæti skaði ekki varanlega möguleika til framtíðar verðmætasköpunar.

Aðstæður næstu árin krefjast agaðrar hagstjórnar til að halda aftur af þenslu. Vaxandi tekjur ríkisins vegna aukinna umsvifa munu reyna á viðnámsþrótt stjórnmalámana og agaða stjórn peningamála. Jafn nauðsynlegt og það er, þá er það ekki til vinsælda fallið og mun reynast þeirri ríkisstjórn sem tekur við eftir kosningar eftir.

Tap 20 milljarða útlutningstekna segir til sín, en gæti ekki komið á betri tíma og kann að hægja á því sem margir telja óhjákvæmilegt; að styrkingarfasi krónunnar endi nú sem fyrr í hörðum skelli.

Við erum enn minnt á það að ef eitthvað gengur vel á Íslandi, þá verður það fljótt að hlutfalls-vanda vegna smæðar hagkerfisins.

Halldór



Frá degi til dags

Portkonur og pólitik
Ritari Samfylkingarinnar, Óskar Steinn Jónínuson Ómarsson, er ekki á neinum atkvæðaveiðum á Twitter þrátt fyrir að fylgi flokksins sé í sögulegum lægðum. Í gær átti hann í snörpum orðaskiptum við Egil Einarsson einkaþjálfara sem bað Óskar um að setja fram lista um hvað konur mættu ræða við brjóstgjöf í kjölfar þess að Óskar gagnrýndi málflytning Unnar Brár Konráðsdóttur í pontu Alþingis á meðan hún gaf dóttur sinni brjóst. Hæðninni svaraði Óskar með því að rifja upp tíu ára gömul ummæli Egils þar sem hann kallaði þingkonu portkonu. Svo klykkti Óskar út með: „Myndi líka kalla þig nauðgara en þá gætirðu kært mig svo ég læt þetta nægja.“ Bókin Mannasiðir Gillz er greinilega ekki til í bókahillu ritarans.

Fylgið flókið
Það er samt aldrei að vita hvort svona snarpar árásir gætu kveikt undir óakveðnum ungum kjósendum. Samfylkingin hefur satt að segja ekki miklu að tapa þessa dagana en nýjasta könnun Fréttablaðsins sýnir flokkinn með 7,3 prósent. Í viðtali blaðsins við Oddnýju Harðardóttur, formann Samfylkingar, segist hún trúa enn að fylgið muni taka við sér. Það þyrfti kraftaverk til að hifa Oddnýju inn á þing en kraftaverk geta líka gerst í pólitík. snaeros@frettabladid.is

Stjórnlyndi Viðreisnar



Guðmundur Edgarsson
málmenntafræðingur og kennari

Viðreisn kynnti á dögunum þá hugmynd, að fyrirtækjum með 25 starfsmenn eða fleiri verði refsað, komi þau illa út úr jafnlaunavottun Staðlaráðs Íslands. Flokkurinn vill útrýma óútskýrðum launamun kynjanna og gera það opinbert, ef fyrirtæki greiða starfsmönnum sínum ólík laun vegna kynferðis, en ekki málefnalega sjónarmiða. Þessi hugmynd Viðreisnar er vanhugsuð frá upphafi til enda.

Staðlaráð ekki Stóri dómur

Þannig er, að engin nefnd eða stofnun getur þróað slíkan mælikvarða að taki á öllum þeim þáttum, sem hafa áhrif á laun fólks. Tökum dæmi um tvo einstaklinga, Jón og Gunnu, sem vinna hjá sama fyrirtækinu. Bæði hafa sömu menntun og jafnlanga starfsreynslu auk þess sem þau fást við sams konar verkefni. Gerum jafnframt ráð fyrir, að afköst þeirra séu svipuð og gæði vinnu þeirra sambærileg. Hvað gæti þá skýrt, að Gunna hafi hærri laun en Jón? Ótal þættir og flestir huglægir og illmælanlegir. Kannski hefur verið boðið oftar í Gunnu en Jón. Hugsanlega á Gunna auðveldara með samskipti. Ef til vill er hún með betra tengslanet. Mögulega hefur Gunna betri áhrif á starfsandann. Vera kann, að hún sé viljugri til að vinna fram eftir. Kannski er hún hugmyndaríkari, jákvæðari, ákveðnari, frægari, vinsælli eða trygglyndari en Jón. Kannski eru meiri líkur á, að Gunna fari út í sjálfstætt og taki með sér kúna. Svona mætti lengi telja og því ljóst að viðmið Staðlaráðs duga skammt.

Allir tapa á afskiptaseminni

Eins og ávinlega, þegar stjórnmalamenn ætla að hafa vit fyrir markaðnum, verða afleiðingarnar til skaða. Ef þrýst verður á fyrirtækið að hækka laun Jóns til jafns við laun Gunnu, gæti afleiðingin orðið sú, að Jóni yrði sagt upp fyrr en síðar. Einnig er hugsanlegt, að Gunnu yrði ekki lengur jafn ágengt í sínum launa-kröfum og áður þannig, að hún segði upp fyrr en ella. Góður ásetningur misviturra stjórnmalámana gæti því breyst í tap fyrir alla aðila, Jón, Gunnu, fyrirtækið þeirra og samfélagið í heild. Svokallað allra tap eins og það heitir í hagfræðinni.

marknómun ehf

nettó

100 kr renna til Krabbameinsfélags Íslands

Kleinhúringir Bleikir 4 stk í boxi

798 kr

Sulta. Árgerð 2016

Í DAG



Bergur Ebbs

Æi, til hvers er maður að eyða tíma í matargerð? Þukla á ávöxtum í stórmarkaði til að finna réttan þroska. Ekki of lina lárperu. Ekki of harða. Passlega gulnaðan banana. Brauð bakað að morgni dags. Ferskar kryddjurtir. Ekkert þurrkað rusl. Rétti osturinn, rétt meðhöndlaða kjötið, súkkulaði með 65% kakómassa. Réttu diskarnir, réttu hnífapörin, rétti borðdúkurinn, réttu lýsingin. Þrír tímar af eldamennsku. Til hvers að standa í þessu? Til þess að maður geti tekið Instagram-mynd af uppáþúnu matarborðinu og fullkomnað lífsstíls-útkið? Þetta er allt saman bara einhver kassa hvort sem er. Misgerjuð blanda af prótíni, kolvetnum og trefjum. Mín vegna má allur matur malla í potti í tvo tíma og vera borðaður með skeið.

Þetta er ekki menning. Gleymdu því, glámur minn. Píramíðarnir eru menning. Velvet Underground er menning. Rétt strekktur ProKennex tennisþaði er menning. Að kaupa 40 þúsund króna matarkörfu í Hagkaup og seigelda hana ofan á Epal-borð er ekki menning heldur borgarlegt totaot. Hvað er annars hápunkturinn á þessu öllu? Að tina rabarbara á Hornströndum og stappa hann ofan í fair-trade krukku og þröngva upp á ástvinu. Er markmiðið ekki alltaf sulta hvort sem er?

OMAM, OMNOM, OMG

Miðbær Reykjavíkur er löngu orðinn að sultu. Þetta er ein stór strola af lundabúðum og spaksmannspjaratreflum í yfirstærðum, steiktur fiskur borinn fram af skeggjuðum mönnum með leðursvuntur og micro-brewery bumbur. Þetta er allt sama sultan sama hversu mikið hún er instag-römmuð, hashtögguð eða tripadvísor-stjórnumerkt. Sama sultan með sama súldar-rakainnihaldið og sömu icewear-úlpuðu túristana með úfna hárið og móðugu gleraugun. Alltaf sama gerjaða prótín- og kolvetna-blandan. Það er ekkert nýtt í þessu. Ef íslenska túristabúmið er hringekja (sem það er) þá eru allir ríðandi á hesti í köflottri skyrta sem segir „hey“ í takt við einhvern blómabúðasmellinn frá OMAM, með kjaftinn fullan af OMNOM, segiandi OMG yfir þeirri fair-trade lakkriskurls-súkkulaðiupp-



lifun. Að blanda saman súkkulaði og lakkrís! Þvílík snilld!

Túristarnir fatta ekki það sem við föttum. Það má blanda saman hverju sem er því allt endar sem kassa ofan í maganum eða inni í vitundinni. Þetta er allt kassa og allir elska kassu. Það eina sem vantar er pottur til að sjóða þetta í. Stóra sundlaug, helst rjúkandi heita, alveg ofan í miðbæ. Ég vil sjá stórtækar vinnuvélar á Lækjartorgi byrja að moka fyrir gröf. Ég vil sjá óskipulagða herdeild við störf. Ég vil sjá iðandi skeggbrodda á rækjusamlökumeisturum á bak við móðug Caterpillar-gler þar sem þeir láta skóflurnar æða ofan í 90's flisar torgsins þar til heilu lagnakerfin fara úr skorðum. Ég vil sjá stórt sár í miðbæjar-kvosinni miðri og ég vil að við fyllum það af sultu.

Linar pulsar, harðar pulsar

Gleymid Laugardalslauginni og stemningunni þar. Gleymid Vesturbæjarlauginni með öllum sínum sánnum. Gleymid hipsteraðri Sundhöllinni og GusGus myndböndunum. Það er komið að flaggskipinu. Miðbæjarsultunni. Lækjartorgslaug. Þar er djammid. Þar er stemningin. Þar mun súrsunin fara fram. Í Reykjavík miðri verður hlydjúpur rjúkandi drullu-pyttur með brennisteinslyktandi hveravatni og stöku opinni skólplögn. Lækjartorgslaug. Dembum þessu öllu ofan í. Made-in-China lundaböngs-unum, Farmers Market poncho-unum, pulsusinnepinu, ósiuðum micro-brewery miðinum að ógleymdum loðnum túristunum og úlpum þeirra. Það er nóg pláss fyrir þetta allt. Þarna

munu fljóta hlið við hlið beinstífar klofpulsar steggjunartúrista frá Boston í bland við hálfsoðnar pylsur frá Bæjarins bestu.

Það vilja allir djamm og hvað er djamm annað en sulta? Drekkja bjór og annan bjór og annan bjór. Nudda sér upp við fólk undir dunandi tónlist gerðum af sænskum graðnöglum þar til kvöldið endar í gufubaðshita og líkamsvessa-skvamphljóðum eða uppgefapulsu og remólaðisleikingum. Lækjartorgslaugin með sínum þykku og lyktarmiklu gufustrókum verður allt þetta í einni ferð. Djamm ársins. Djamm allrar veraldar. Jól djammanna. Er það ekki hápunkturinn að sultast í súlfat-riku pulsuhvervatni með andlitið ofan í handarkrika næsta manns, hashtagaður á toppi veraldarinnar í tengingu við álfa og norðurljós, súrsaður ofan í sultukrukku? Þýðir djamm ekki annars sulta á tungumálinu sem við tölum öll? Djamm. Jam. Sulta.

Gamla góða kássan

Þetta er allt sulta. Að ferðast. Troða sér í check-in, troða sér í flugvél, troða sér í raðir til að upplifa bestu pulsu og besta bjór í heimi og troða svo snjallsíma á selfie-stöng og þröngva henni upp fyrir mannhúgun og brosa með móðugum gleraugum. Troða svo upplifun sinni upp á alla aðra í gegnum smekklegt hashtag. Þetta er sultugerð og allir eru þátttakendur hvort sem þeir eru túristar eða annars konar totaotarar. Fjórutíu þúsund króna innkaupakarfa og ítrodsla með viðkomu á Instagram. Samt er þetta bara gamla góða kássan þegar það blandast magasýrunum. Fimm tíma eldaður gúllas. Einföld upptaka næringar og upplifunar.

Sjáumst í sundi. 66 gráðu stím-heitu sundinu. Sjáumst á svamlinu, innan um rassahár og fallna byggingarkrana. Ég lauma ausu ofan í gufumettaða Lækjartorgs-sultuna og sötra á hræru gerðri úr baki á Spánverja og ofilteruðum þorrablóts-Kalda sem bragðast eins og tunga á manni sem sofnaði áfengisdaða eftir að hafa sleikt remólaði af vaxbornu pulsubréfi. Ég rífa upp heilræði móður minnar. Þegar fingurnir eru farnir að krumpast er kominn tími til að fara upp úr. #MyStopOver. #TakkÓli. #Útmeðallt-samanEinarÁskell.



Er það ekki hápunkturinn að sultast í súlfat-riku pulsuhvervatni með andlitið ofan í handarkrika næsta manns, hashtagaður á toppi veraldarinnar í tengingu við álfa og norðurljós, súrsaður ofan í sultukrukku? Þýðir djamm ekki annars sulta á tungumálinu sem við tölum öll? Djamm. Jam. Sulta.

Ungir kjósendur athugið!



Lýður Árnason
læknir

Lýðveldið Ísland er orðið 72 ára. Stjórnarskráin 142 ára, einu breytingarnar að kóngi var skipt út fyrir forseta, kjördæmaskipan hnikað litillega og mannréttindakaflinn uppferður 1995. Þannig viðgengst enn misvægi atkvæða, tveir fyrir einn. Enn getum við ekki valið þá frambjóðendur sem okkur hagnast. Og enn getum við sem þjóð ekki krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um lykilmál nema með atbeina forsetans.

Allt frá lýðveldisstofnun hafa ráðandi stjórnmalaflokkar, til hægri og vinstri, ekki viljað afsala sér þessu valdi til fólksins heldur verið það með kjafti og klóm. Misvægi atkvæða hefur viðhaldið röngum valdahlutföllum allan lýðveldistímamann sem þýðir að sumir hafa ráðið meiru en þeim ber. Kjördæmaskiptingin hefur sömuleiðis sundrað þjóðinni og valdið fjárustri í óskynsamleg verkefni, oft eingöngu til að tryggja endurkjör þingmanna sem halda svo uppteknum hætti. Okkur hefur gengið illa að líta á landið sem eina heild enda virkjunarmál í norðri mál

Norðlendinga og flugvallarmál í suðri mál Sunnlendinga. Núverandi kjördæmaskipan hefur ekki verið landsbyggðinni vopn nema síður sé, hún á í vök að verjast og nýtur hvorki landkosta né sjávar.

Megnið fer aftur til Tortóla

Núverandi kosningaskipan er sniðin að hagsmunaaðilum sem gera út sína smákóna á þingi. Kjördæmaskipanin gerir að verkum að valdahlutföllin eru þeim í hag, flokkaprófkjör þar sem hinn almenni kjóandi er víðs fjarri eru sniðin fyrir þennan dúett og þjóðaratkvæðagreiðslur um lykilmál eða kerfisbreytingar eru eitruð í þeirra beinum. Þetta eru gaurarnir sem stjórna bönkunum, lífeyrissjóðunum, stórútgærdunum og tala sýknt og heilagt um efnahagsuppris og hjól atvinnulífsins. Afraksturinn er nokkrir þúsundkallar til fjöldans en megnið fer aftur til Tortóla.

Nýja stjórnarskráin tekur á öllum þessum valdataekjum. Hún kveður á um að allir Íslendingar sitji við sama borð þegar kemur að vægi atkvæða, einn fyrir einn en ekki tveir fyrir einn. Hún kveður á um persónukjör þar sem hinn almenni kjóandi getur sjálfur valið sína frambjóðendur í kjörklefanum. Einnig færir hún málskotsrétt forsetans til þjóðarinnar sem getur þá sjálf skotið málum í þjóðaratkvæði. Og hún gerir meira. Nýja stjórnarskráin inniber auðlindaákvæði sem kveður á um þjóðareign á auðlindum sem



Þetta eru gaurarnir sem stjórna bönkunum, lífeyrissjóðunum, stórútgærdunum og tala sýknt og heilagt um efnahagsuppris og hjól atvinnulífsins. Afraksturinn er nokkrir þúsundkallar til fjöldans en megnið fer aftur til Tortóla.

ekki eru í einkaeigu. Að auki skal þjóðarauðlindum úthlutað á jafnræðisgrundvelli gegn fullu gjaldi. Með þessu er tryggt að nýtendur þjóðarauðlinda geta hvorki bókfært þær sjálfar né nýtingarréttinn til eignar og skulu greiða markaðsverð fyrir afnotaréttinn. Þetta tryggir þjóðinni hámarksard af auðlindum sínum, hverjar sem þær eru. Sem þýðir annars vegar, að núverandi nothafar auðlinda, eins og t.d. fiskimiðanna, geta ei lengur stungið arðinum í eigin vasa og hins vegar, að þjóðin getur nýtt þessa peninga í samfélagsleg verkefni.

Ný stjórnarskrá hefur þannig gagnger áhrif á samfélagið og gildistaka hennar myndi þýða valdaafsal hagsmunasamtaka og stjórnmálaflokka til fólksins í landinu. Hvet unga kjósendur til að íhuga þetta sérstaklega fyrir komandi kosningar því ykkar er framtíðin.



HEFST EFTIR 2 DAGA

Gott að byrja í þessu liði

Eftir farsælan feril í áhaldafimleikum ákvað Norma Dögg Róbertsdóttir að söðla um og færði sig yfir í hóp-fimleika þar sem hún finnur sig vel. Hún hjálpaði blandaða liðinu að tryggja sig inn í úrslitin á EM í gær.

Ingví Þór Sæmundsson
Skrifur frá Maribor



FIMLEIKAR Það má segja að Norma Dögg hafi stökkið beint út í djúpu laugina. Hún er nú stödd í Maribor í Slóveníu þar sem ellefta Evrópu-mótið í hóp-fimleikum fer fram en þetta er hennar fyrsta mót í hóp-fimleikum. Hún hafði ekki einu sinni keppt á móti heima fyrir áður en hún hélt út með landsliðinu.

Norma Dögg er hluti af blönduðu liði Íslands sem komst í gær áfram í úrslit á EM. Blandaða liðið endaði í 5. sæti í undankeppninni en Ísland var um tíma með forystu eftir vel heppnaðar gólfæfingar.

„Þetta var geðveikt skemmtilegt og við fengum frábæran stuðning.“ sagði Norma Dögg í samtali við Fréttablaðið skömmu eftir að blandaða liðið hafði klárað sínar æfingar. Hún segir að það sé eitt og annað sem íslenska liðið geti bætt fyrir úrslitin sem fara fram á morgun. „Þetta var hinn fyrsti dagur en ég veit að við eigum miklu meira inni. Vonandi náum við að sýna hvað í okkur býr í úrslitunum,“ bætti þessi tvítuga fimleikadrottning við.

Norma Dögg er margfaldur Íslandsmeistari í áhaldafimleikum og náði einnig góðum árangri á alþjóðlegum mótum. Hún endaði m.a. í 9. sæti í stökki á EM í áhaldafimleikum í Montpellier í Frakklandi í fyrra en það er besti árangur íslenskrar fimleikakonu á EM. En hvað fékk hana til að skipta yfir í hóp-fimleikana?

Ný áskorun

„Það var kominn tími til að prufa eitthvað nýtt. Þessir krakkar tóku ótrúlega vel á móti mér og þetta er mjög skemmtilegt. Ég er mjög sátt við ákvörðun mína,“ sagði Norma Dögg brosandí. Hún segir að félagskapurinn í hóp-fimleikum skipti miklu máli.

„Félagskapurinn er meiri. Það eru fleiri stelpur og kannski meiri stemning. En báðar íþróttirnar eru ótrúlega skemmtilegar á sinn hátt,“ sagði Norma sem litur á þetta sem nýja áskorun á ferlinum. „Já, það mætti segja það. Það var kominn tími til að prófa eitthvað nýtt.“

Norma er ekki fyrsta fimleikakonan sem færir sig úr áhaldafimleikum yfir í hóp-fimleikana. Fimleikakonu á borð við Sif Pálsdóttur og Friðu Rún Einarsdóttur, sem urðu Íslandsmeistarar í áhaldafimleikum, færðu sig t.d. yfir í hóp-fimleikana með góðum árangri. Þær voru báðar í liði Gerplu sem varð Evrópumeistari í hóp-fimleikum bæði árið 2010 og árið 2012.



Gerplukonan Norma Dögg Róbertsdóttir hefur skipt úr áhaldafimleikum yfir í hóp-fimleikana en hún hefur verið ein af bestu fimleikakonu Íslands síðustu ár. Hér sést hún á EM úti í Maribor í Slóveníu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEINUNN ANNA SVANSDÓTTIR



Blandaða liðið fór á kostum á gólfinu í undankeppninni í gær og er komið í úrslit á Evrópumótinu. Hér sjást þau klára æfingu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/STEINUNN ANNA

Það eru fleiri stelpur og kannski meiri stemning. En báðar íþróttirnar eru ótrúlega skemmtilegar á sinn hátt.

Norma Dögg Róbertsdóttir

» Ísland hefur aldrei unnið til verðlauna á Evrópumótinu í blandaða hópnum.

Góður grunnur

Norma Dögg segir að áhaldafimleikarnir séu góður grunnur fyrir hóp-fimleikana. Hún segist þó enn vera að aðlagast nýjum aðstæðum.

„Þetta er ódrúvisi en þetta er góður grunnur þannig að ég var fljót að ná þessu. En ég á eftir að bæta fullt af hlutum við mig,“ sagði Norma Dögg sem er ánægð með móttökurnar sem hún fékk í hóp-fimleikum.

„Krákkarnir tóku vel á móti mér og hafa hjálpað mér mikið og liðsheilindin er æðisleg. Það er gott að byrja í þessu liði.“

Domino's-deild karla í körfubolta

Grindavík - Haukar 92-88

Stigahæstir: Lewis Clinch Jr. 29 (7 frák., 7 stoðs.), Ómar Örn Sævarsson 18 (4 varin), Ólafur Ólafsson 18 (15 frák.), Hamid Dicko 12, Þorleifur Ólafsson 7 - Aaron Brown 18, Emil Barja 18, Finnur Atli Magnússon 16 (14 frák.), Haukur Óskarsson 12, Hjálmar Stefánsson 10, Breki Gylfason 6, Kristján Leifur Sverrisson 6.

Bæði lið fengu tækifæri til að vinna í venjulegum leiktíma en Grindvíkingar voru sterkari í framlengingunni.

Skallagrímur - KR 76-90

Stigahæstir: Flenard Whitfield 21 (19 frák.), Sigtryggur Arnar Björnsson 14, Darrell Flake 10, Davíð Guðmundsson 9 - Brynjar Þór Björnsson 27, Þórir Þorbjarnarson 22, Darri Hilmarsson 20, Sigurður Á. Þorvaldsson 7, Snorri Hrafnkelsson 6, Cedrick Taylor Bowen 6.

Snæfell - Njarðvík 83-104

Stigahæstir: Sefton Barrett 20, Andrée Fares Michelsson 11, Maciej Klimaszewski 10, Árni Elmar Hrafnsson 7, Jón Páll Gunnarsson 7 - Corbin Jackson 28, Björn Kristjánsson 26, Logi Gunnarsson 16, Snjólfur Marel Stefánsson 11.

Stjarnan - ÍR 63-58

Stigahæstir: Marvin Valdimarsson 16, Hlynur Elías Bæringsson 14 (14 frák.), Devon Andre Austin 13 (13 frák.), Justin Shouse 8, Arnþór Freyr Guðmundsson 6 - Matthías Orri Sigurðarson 16, Hjalti Friðriksson 15, Matthew Hunter 14, Sveinbjörn Claessen 9, Trausti Eiríksson 4.

Stjörnumenn lentu 18 stigum undir í öðrum leikhliða en unnu sig til baka inn í leikinn.

Tindastóll - Þór Ak. 94-82

Stigahæstir: Mamadou Samb 25 (10 frák.), Pétur Rúnar Birgisson 20 (8 stoðs., 5 stolnir), Cristopher Caird 16, Björgvin Hafþór Rikharðsson 11, Pape Seck 11, Helgi Rafn Viggósson 7 - Darrel Keith Lewis 20, Jalen Ross Riley 19, Danero Thomas 14, Tryggvi Snær Hlinason 11, Ingví Rafn Ingvarsson 9.

| Efri | Neðri | |
|-----------|-------|----------------|
| KR | 4 | Tindastóll 2 |
| Stjarnan | 4 | Þór Þorl. 0 |
| Grindavík | 4 | Njarðvík 0 |
| ÍR | 2 | Þór Ak. 0 |
| Keflavík | 2 | Skallagrímur x |
| Haukar | 2 | Snæfell 0 |

Ólis-deild karla í handbolta

Afturelding - Grótta 27-26

Markahæstir: Árni Bragi Eyjólfsson 10, Mik Pinnonen 5, Guðni Már Kristinsson 4, Jón Heiðar Gunnarsson 2, Gunnar Kristinn Þórsen 2, Kristinn Hrafnar Bjarkason 2 - Finnur Ingi Stefánsson 7, Júlíus Þórir Stefánsson 4, Leonharð Þorgeir Harðarson 4, Nökkvi Dan Ellíðason 4, Aron Dagur Pálsson 3.

Selfoss - Stjarnan 24-25

Markahæstir: Elvar Örn Jónsson 7, Andri Már Sveinsson 5, Einar Sverrisson 5, Guðjón Ágústsson 2, Hergeir Grimsson 2, Guðni Ingvarsson 2 - Ari Magnús Þorgeirsson 7, Garðar Benedikt Sigurðjónsson 4, Starri Friðriksson 4, Guðmundur Sigurður Guðmundsson 4, Andri Hjartar Grétarsson 3.

| Efri | Neðri | |
|-------------|-------|------------|
| Afturelding | 12 | Selfoss 6 |
| ÍBV | 9 | Valur 6 |
| Stjarnan | 8 | Fram 5 |
| Grótta | 7 | Haukar 4 |
| FH | 7 | Akureyri 2 |

Í dag

| | |
|------------------------------|---------|
| 18.25 Dortmund - Hertha | Sport 3 |
| 18.40 Cardiff - Bristol City | Sport 2 |
| 19.45 Þór Þ. - Keflavík | Sport |
| 20.00 Safeway Open | Golfst. |
| 22.00 Körfuboltakvöld | Sport |

20.00 Þór Þ. - Keflavík Þorláksh.

Lofandi byrjun en rými fyrir bætingu hjá stelpunum

FIMLEIKAR Íslenska kvennalandsliðið steig í gær fyrsta skrefið í átt að því að vinna til gullverðlauna á EM í hóp-fimleikum sem stendur nú yfir í Maribor í Slóveníu.

Íslensku stelpurnar voru fyrstar á svið og sýndu glæsilegar æfingar á gólfi. Dómararnir voru jafn hrifnir af tilþrífum íslenska liðsins og þeir fjölmörgu Íslendingar sem voru í stúkunnni í Lukna-höllinni í gær.

Ísland fékk 21,916 í einkunn fyrir gólfæfingarnar og alls 56,016 í heildareinkunn sem skilaði þeim efsta sætinu í undankeppninni. Þær eru

þó langt frá því að vera saddir og vilja gera betur í úrslitunum á morgun.

„Þetta gekk ágætlega en við getum betur. Við gerðum nokkur mistök sem við erum ekki vanar að gera, aðallega á dýnunni þar sem við erum sterkasta liðið. Við eigum mikið inni fyrir laugardaginn,“ sagði Sólveig Ásta Bergsdóttir eftir undankeppnina í gær.

Úrslitin í kvennaflokki fara fram á morgun og Sólveig segir að stefnan sé sett á fyrsta sætið: „Það er engin spurning, við ætlum að koma með gullið heim.“ - íps



Sólveig Ásta Bergsdóttir og félagar geta gert enn betur á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/INGVI

ALLTAF VERIÐ STELPUSTRÁKUR

Bjarki Lárusson er 21 árs tvíburi, nemi í hársnyrtingu, söngvari og lagahöfundur. Hann samdi lag um líðan sína þegar hann brotnaði niður andlega eftir margra ára einelti. Lagið sem nefnist The Gray kemur út á næstu dögum. Bjarki þráir að finna hamingjuna í lífinu og ekki síður ástina. »

Elin Albertsdóttir
elina@365.is



» Bjarki er á fullu að semja tónlist. „Ég er í Gospelkór Jóns Vídalín sem Davíð Sigurgeirsson stjórnar. Davíð er gítarleikari, mikill tónlistarsnillingur og unnusti Jóhönnu Guðrúnar söngkonu. Við sömdum lagið Gray saman við textann minn og hann útsetti það síðan. Davíð hvatti mig áfram og það er honum að þakka að þetta lag er núna að líta dagsins ljós. Við fluttum það fyrst á vortónleikum kórsins en þá allt í einu var ég farinn að opna mig fyrir fullum sal af fólki. Það var ekki auðvelt því textinn er mjög persónulegur. Lagið fjallar um erfitt og tilfinningaþrungnið tímabil í lífi mínu sem mér fannst þungbært að tala um. Í dag er ég kominn á allt annan og betri stað í lífinu,“ segir Bjarki og bætir við að textinn segi frá fólki sem hefur verið flokkað inn á eitt-hvert grátt svæði af samborgurum.

ÖÐRUVÍSI STRÁKUR

Bjarki segist alltaf hafa litið á sig sem manneskju fyrst og fremst. „Það var öðruvísi en aðrir upplifðu mig. Ég hef alltaf verið stelpustrákur. Ég lék mér með stelpum og að stelpudóti. Ég á tvíburabróður sem er algjör strákur, spilar fótbolta og þess háttar. Þetta var ekki vandamál á meðan ég var í leikskóla, þar var fólk ekki flokkað eftir útliti og ég lék bæði við stráka og stelpur. Þegar ég byrjaði í grunnskóla breyttist líf mitt. Þá varð ég strax frekar vinur stelpnanna. Ég var spurður mörgum sinnum á dag hvort ég væri stelpa eða strákur. Sem betur fer á ég yndislega foreldra og systkini sem hafa alltaf tekið mér eins og ég er. Fjölskyldan hefur veitt mér ómældan stuðning. Ég fann aldrei fyrir því hjá foreldrum mínum að ég væri eitthvað öðruvísi en aðrir og þess vegna upplifði ég mig ekki þannig. Ég átti líka yndislega bekkjarfélaga í skóla sem vörðu mig af öllu afli fyrir eineltis-tilburðum annarra. Þau stóðu alltaf með mér þegar ráðist var á mig. Á tímabili safnaði ég hári og þá hófst eineltið á fullu, sérstaklega í sjötta og sjöunda bekk. Ég

var saklaus manneskja, uppálin í vernduðu umhverfi og það kom mjög flatt upp á mig hvers vegna fólk væri alltaf að spá í útlit mitt,“ segir Bjarki og segist hafa byrjað að brotna niður þegar hann komst á unglingsárin.

BLESS HELVÍTI

„Ætli ég hafi ekki farið að átta mig á því að ég var öðruvísi. Ég klippti hárið stutt og reyndi að vera eins strákalegur og ég mögulega gat. Ég vildi segja bless við þetta helvíti að vera alltaf spurður svona fáránlegra spurninga. Þetta hætti ekki fyrr en ég fór í menntaskóla og fór aðeins að þroskast, en ég var sannarlega ekki sáttur við sjálfan mig. Ég breyttist í eitthvað sem ég var engan veginn. Ég byrjaði í MR og átti skemmtilegan tíma þar, tók þátt í söngkeppni og eignaðist yndislega vini. Það var helst á böllum á vegum skólans að einhverjir snillingar fundu sig knúna til að spyrja hvort ég væri hommi. Ef ég hefði ekki eignast vandaða og góða vini væri ég miklu meira brotinn maður en ég er,“ segir Bjarki og bætir við að orðið hommi hafi farið virkilega illa í hann. „Þótt ég viti það sjálfur og allir í kringum mig að ég sé samkynhneigður hef ég átt erfitt með að horfast í augu við það. Mér finnst óþægilegt að vera flokkaður í eitthvert hólfi, hvort sem það er eftir trú, þjóðerni eða kynhneigð. Ég spyr í laginu mínu af hverju það sé ekki nóg að vera bara góð og heidarleg manneskja?“

GÓÐUR TVÍBURABRÓÐIR

Þar sem Bjarki er tvíburi var hann spurður hvort þeim bræðrum hefði þótt skrítið að annar væri samkynhneigður. „Mér hefur alltaf þótt það skrítið,“ svarar hann. Við höfum samt aldrei rætt það. Ég hef rætt þetta við eldri systkini mín og foreldra en aldrei við Dag, tvíburabróður minn. Hann hefur hins vegar rætt þetta við foreldra okkar og þau svo rætt það við mig. Við höfum samt alltaf verið mjög góðir vinir. Vorum bestu vinir sem smábörn. Auðvitað hefur komið fyrir að við rífumst en ætli það eigi ekki við um alla bræður. Dagur er að stíga sín fyrstu skref í að syngja og ætlar að taka þátt í The Voice núna en það gerði ég í



Þátttakendur í The Voice í fyrra. Hjörtur Traustason, Elisabet Ormslev og Bjarki Lárusson.



Bjarki syngur hér af mikilli innlifun.



Tvíburabráðurnir Bjarki og Dagur.



„Ég gerði allt á tímabili til að vera stráka-
legur,“ segir Bjarki.

fyrra,“ segir Bjarki en honum gekk mjög vel í keppninni og fékk alla dómara til að snúa stólum sínum þegar hann söng.“

MARTRÖÐIN HEFST

Bjarki segist vera hvatvís og greindur með athyglisbrest. „Þegar fyrstu önn var lokið í MR langaði mig allt í einu að verða tannlæknir. Ég var í máladeild og langaði að skipta yfir á aðra braut. Kerfið leyfði það ekki og ég hefði þurft að byrja upp á nýtt. Ég færði mig því yfir í MH og var mjög ánægður með þá ákvörðun. Vorið 2015 breyttist hins vegar líf mitt. Allt fór niður á við. Eiginlega byrjaði niðurbrotið 2014 þegar ég fór að kanna samfélag samkynhneigðra á netinu, svona stefnumótasíðu. Ég uppgötvaði mér til sárna vonbrigða að innan

” Svona er ég og fólk verður bara að sætta sig við það.

Þess samfélags voru hrikalega miklir fordómur. Þar er harður heimur útlitsdýrkenda. Ég fékk að heyra á hverjum degi að ég væri of feitur, ljótur og ekki nægilega þetta eða nægilega hitt. Það á auðvitað ekki við um alla en inn á milli eru þarna ótrúlega bitrir einstaklingar sem láta ýmislegt ljótt flakka,“ segir Bjarki.

„Ég fór að upplifa mig sem furðuveru sem passaði ekki í neinn af þeim kössum sem fólk í öðrum kössum býr til. Mest af öllu fann ég fyrir höfnun í samfélagi samkynhneigðra. Ég brotnaði algjörlega niður og allt líf mitt sem ég hafði verið að byggja upp frá því í skóla hrundi. Mér leið hræðilega og skammast mín ekkert fyrir að segja frá því. Ég hef lengi verið með kvíða og félagsfærni þótt ég finni ekki fyrir því á sviði þegar ég er að syngja. Þetta var svo alvarlegt brot á sálinni að ég var kominn með sjálfsvígs-hugsanir,“ segir Bjarki. „Ég þakka Davíð og kórnum fyrir að ég reis upp aftur auk geðlæknis sem ég leitaði til. Mig langaði bara á tímabili að liggja uppi í rúmi, stara upp í loftið eða breiða yfir haus og gráta. Ég gat ekki stundað námið í MH og hætti. Ég skrifaði textann

við lagið The Gray á þessum tíma,“ segir Bjarki.

LEITIN AÐ HAMINGJUNNI

Bjarki hóf ungar söngnám í Sönglist hjá Erlu Rut Harðardóttur og Ragnheiði Hall. Þegar hann var í tunda bekk var gefið út lag eftir Friikka Dór sem Bjarki söng sem heitir Bara þú. Hann tók einnig þátt í Samfés og fleiri söngkeppnum bæði í grunn- og framhaldsskóla. Honum var síðan boðið að taka þátt í The Voice sem hann segir að hafi verið einstaklega skemmtilegt og hafi komið á réttum tíma. „Þetta var besti tími lífs míns,“ segir hann. Bjarki hefur einnig verið í söngnámi hjá Margréti Eiri en hún setti upp söngleik með Gospelkórnum. Þar fór Bjarki með hlutverk Jesú.

„Allt í einu fékk ég áhuga á að verða hársnyrtir og byrjaði í lönskólanum,“ segir hann. „Þar hef ég kynnst frábæru fólki og nú er ég kominn með samning við æðislega stofu, Eplið í Borgartúni. Ég er aftur farinn að safna hári og er mjög ánægður með það. Ég er hættur að hlusta á fólk þegar það spyr hvort ég sé stelpa eða strákur. Svona er ég og fólk verður bara að sætta sig við það.“

Þegar hann er spurður hvort hann hafi fundið hamingjuna á ný, svarar hann: „Nei, en ég er á leiðinni þangað. Mig langar líka að finna ástina en ég hef ekki fundið hana enn. Það eina sem ég hugsa um núna er að halda áfram að syngja og mig langar að ná langt á því sviði. Ég þarf að ná sátt við sjálfan mig og finna sjálfsöryggi aftur. Mariah Carey er uppáhaldssöngkonan mín og hún syngur lagið Make It Happen. Þau orð eru markmið mitt í lífinu.“

YFIRHAFNARDAGAR!

20% AFSLÁTTUR
AF YFIRHÖFNUM
NÝ SENDING AF VETRARVÖRUM


BASLER BRAX

ParisarTizkan

SKIPHOLTI 29B

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMAÐUR: Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMENN EFNIS: Elin Albertsdóttir, elina@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einaradóttir, vera@365.is, s. 512 5357
SÖLUMENN: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433



hrím

www.hrim.is



LAUGAVEG 25 / LAUGAVEG 32 / KRINGLUNNI
S: 553-3003 / S:553-2002 / S:553-0500

STÖÐUGUR SAMANBURÐUR GETUR VALDIÐ VANDRÆÐUM

Djúp öndun og slökun getur virkað vel gegn kvíða og vanlíðan að sögn þeirra Unnar Örnú Jónsdóttur og Hrafnhildar Sigurðardóttur en streita og kvíði barna og unglunga hefur lengi verið hugðarefni þeirra. Fylgni er á milli mikils kvíða og mikillar notkunar samskiptamiðla en á samskiptamiðlunum eru notendur stöðugt að bera sig saman við aðra.

Lilja Björk Hauksdóttir
liljabjork@365.is



Djúp öndun og slökun getur virkað vel gegn kvíða og vanlíðan að sögn þeirra Unnar Örnú Jónsdóttur og Hrafnhildar Sigurðardóttur en streita og kvíði barna og unglunga hefur lengi verið hugðarefni þeirra. Fylgni er á milli mikils kvíða og mikillar notkunar samskiptamiðla.

Niðurstöður nýrrar skýrslu Rannsóknna & greiningar um lýðheilsu ungs fólks sem gefin var út í síðastliðinni viku sýna að greina megi vaxandi einkenni kvíða og þunglyndis hjá stelpum á landinu öllu í áttunda til tíunda bekk og að fylgni sé á milli mikils kvíða og þunglyndis og mikillar notkunar samskiptamiðla. Unnur Arna Jónsdóttir og Hrafnhildur Sigurðardóttir hjá Hugarfrelsi vinna með streitu og kvíða hjá börnum og unglungum. Þær segja að foreldrar og aðrir sem vinna með börnum þurfi að vera virkilega meðvitaðir um þennan vanda. „Við hjá Hugarfrelsi höfum farið inn í fjölda

leik-, grunn- og framhaldsskóla og heyrum alls staðar það sama, að það sé aukinn kvíði og aukin vanlíðan hjá börnum og unglungum og það sjáum við líka á námskeiðunum hjá okkur. Við leggjum því mikla áherslu á og teljum að það sé góð forvörn að krakkar skoði hver þau séu. Sjálfsstyrking hefur alltaf verið mikilvæg en sjaldan eins mikilvæg og í dag vegna þess að við erum með þessa breyttu samskiptahætti, þennan mikla hraða í samfélaginu og þetta mikla áreiti frá samfélagsmiðlunum sem allt leiðir af sér gríðarlegan samanburð,“ segir Hrafnhildur og Unnur Arna bætir við að það sé þessi samanburður sem komi illa við krakka sem eru að þroskast. „Þau eru með þessi tæki við höndina nánast allan sólarhringinn, eru að tala saman og fylgjast með tugum eða hundruðum annarra krakka á netinu, Snapchat, Instagram, Facebook, Twitter og fleiru. Þau eru að skoða hvað hinir eru að gera og sjá hverjir eru hvar og með hverjum. Þetta ýtir við þeim og þau fara að hugsa að þau séu ekki nóg, að þau séu ekki með þessum og hinum og að þau



Hrafnhildur Sigurðardóttir og Unnur Arna Jónsdóttir hjá Hugarfrelsi vinna með streitu og kvíða hjá börnum og unglungum. Þær segja að foreldrar og aðrir sem vinna með börnum þurfi að vera virkilega meðvitaðir um þann vanda. MYND/GVA

Krabbameinsfélagið

BLEIKASLAUFAN.IS



Eliza Reid, Ewan Reid og Allison Reid

ÞÆR HAFNA ALLTAF VERIÐ
TIL STAÐAR FYRIR OKKUR

Kaupum Bleiku slaufuna #fyrimömmu

BLEIKA
SLAUFAN

eigi ekki eins hluti og hinir eiga. Við þekkjum þetta líka, fullorðna fólkið, okkur finnst að allir séu úti að borða og hlaupa á Esjuna og förum að hugsa með okkur hvort við eigum ekki jafn gott líf og allir hinir. Við finnum mörg fyrir þessu og hvað þá krakkar sem eru að þroskast og mótast og eru kannski ekki með nógu sterka sjálfmynd til að vita hver þau eru og hvað þau standa fyrir.“

ÞEKKA STYRKLEIKA SÍNA

Ekki er óalgengt að þessar tilfinningar þróist út í kvíða að sögn Unnar. „Þau upplifa að þau séu ekki nóg, að þau séu ekki í réttu hópunum, þeim sé ekki boðið og að þau séu ekki í réttu fötunum. Þau eru alltaf í einhverjum samanburði. Rannsóknin sýnir kannski ekki að það sé almenn aukning á kvíða og þunglyndi, en að hópurnir sem er útsettur fyrir því hafi stækkað gríðarlega.“

Þær segja það því vera lykilatriði að börn séu meðvituð um styrkleika sína, að þau viti að þau séu góð í einhverju ákveðnu og að þau noti ákveðinn tíma á hverjum degi til að ýta undir það svo þau verði enn betri í því. „Um leið og við ýtum undir eitthvað sem við erum góð í líður okkur vel og eflum á sama tíma sjálfmynd okkar og verðum þannig betur í kúttu

” Við finnum að börn eiga erfitt með að slaka á og að þau vita í raun ekki hvað það er. Þau hafa heyrt að þau eiga að borða hollt og hreyfa sig en það er svo sjaldan talað um að það þurfi að slaka á.

Unnur Arna Jónsdóttir

til að takast á við það sem okkur hrýs hugur við. Það er líka mikilvægt að börn læri á hugsanir sínar, að þau hafi val um hvaða hugsunum þau veita athygli.“

SLAKA Á ÁN SÍMANS

Börn og unglingar ættu að sögn Unnar og Hrafnhildar að stunda slökun og djúpa öndun á hverjum degi. „Það er góð leið til að takast á við kvíða og vanlíðan. Við djúpa öndun hægist á ósjálfráða taugakerfinu og á hjartslættinu og það kemur yfir þau væð og ró. Þegar við tölum um að slaka á erum við ekki að tala um að liggja uppi í sófa með síma eða tölvu í andlitinu heldur að þau séu algjörlega ein með sjálfum sér. Við hjá Hugar-

frelsi notum líka hugleiðslu mikið og notum þá hugleiðslusögur til að efla einbeitinguna. Djúp öndun, slökun og hugleiðsla hjálpar fólki til að vera í núvítund, hjálpar því við að taka eftir hugsunum sínum, hvort þær séu jákvæðar eða neikvæðar og að geta þá valið að veita jákvæðu hugsunum athygli frekar en þeim neikvæðu.“

KUNNA EKKI AÐ SLAKA Á

„Krakkar eru oft með þetta dagskrá frá morgni til kvölds, mjög oft án andrýmis eða hvíldar. Svo eru þau í tómsundum, vilja vera í félagslífinu og eiga fullt af vinum og líta vel út þannig að þetta er bara brjáluð vinna hjá þeim og aldrei slaka á. Við finnum að börn eiga erfitt með að slaka á og að þau vita í raun ekki hvað það er. Þau hafa heyrt að þau eiga að borða hollt og hreyfa sig en það er svo sjaldan talað um að það þurfi að slaka á,“ segir Unnur.

Þær eru sammála um að það sé mikið talað um vandann en lítið mál sé að vinna með hann og fyrirbyggja hann ef vitað er hvaða lausnir eru fyrir hendi. „Margir þurfa virkilega hjálp og leita til sálfræðinga og geðlækna en þessar einföldu aðferðir virka með þannig meðferð og þær virka fyrir fjöldann sem forvörn og til að auka vellíðan,“ segja þær.

Heilsuréttir fjölskyldunnar

Með viðbættu OMEGA-3

Grænmetisþottreitur

Grænmetisþottreitur



20%
AFSLÁTTUR AF
FRÖKKUM FRÁ
ERICH FEND

STÆRÐIR 36-54

hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Lífsstíll



SOFFÍU BJARGAR

Hvað borðar þú í morgunmat?

Kaffi. Nýmalað, nýpressað kaffi. Með mjólk. Eftir svona þrjá bolla þá fæ ég mér súrmjólk með músli eða í raun bara það sem hendi er næst. Ég er ekki með reglu á þessu. Eftir að ég uppgötvaði shake 'n bake pönnukökurnar eru þær búnar að vera frekar oft í matinn enda er ég frekar slakur bakari.

Uppskrift að góðri helgi?

Að spila gott gígg, sofa út, glápa á grínmynd í náttfötunum, fá frábæra hugmynd að lagi í náttfötunum með kaffibolla nr. 2, elda góðan mat, hitta skemmtilegt fólk, dansa, hlæja og hafa gaman af lífinu.

Hvernig tónlist hlustar þú á?

Ég hlusta á hitt og þetta en er frekar gömul sál hvað það varðar. Á yngri árum hlustaði ég á mjög fjölbreyttar tónlistarstefnur. Á undanförunum árum sagast ég helst að röddum sem eru einstakar og tónlist sem lætur mig finna fyrir einhverju.

Hvaða bækur ertu að lesa?

Engar í augnablikinu en ég er hrifin af Paulo Coelho og skrifum hans. Einnig mæli ég með bókunum hennar Sigríðar Klingenberg. Stórskemmtilegar og meinhollar.

Helstu haustverk fram undan?

Í fyrsta skipti er ég ekki með haustverk af því ég er búin að tileinka mér ágætis kæruleysi í daglegu lífi. Ekki það að ég sé löt eða mér sé skítsama, ég reyni bara að taka lífinu aðeins léttar. Ég nærast á krefjandi verkefnum og fer að leiðast ef ég geri sama hlutinn oft. Þess vegna er frábært hvað tónlistin gefur manni fjölbreytt verkefni.

Uppáhaldslikamsræktin?

Ég skokka og tek hundinn minn, hann Rosa, með. Hann er einstaklega góður hlaupafélagi því hann verður svo svakalega glaður þegar við förum út. Gerir skokkið enn þá skemmtilegra. Og hlusta á skritna euro-trash playlistann minn.

Hvað á að elda um helgina?

Ég hugsa að ég eldi ekki neitt, gríp kannski próteindrykk og powerade á hlaupum milli gigga og svo læt ég aðra elda ofan mig. Gott plan.

Hlakkar þú til að hita upp fyrir Suede?

Það er góð tilfinning, svona „next level“ dæmi fyrir mig. Hlakka til þess að spila í Höllinni og einnig að sjá Suede spila. Þetta verður eitthvað!


Söngkonan Soffía Björg hitar upp fyrir bresku britpop-goðin Suede á tónleikum í Laugardalshöll 22. október. Auk þess kemur hún fram á Airwaves í næsta mánudagi og stefnir á útgáfu fyrstu plötu sinnar í vetur.

GERÐU VEL VIÐ ÞIG

Í amstri dagsins gleyma margir sjálfum sér. Það er hins vegar nauðsynlegt að gera vel við sig endrum og sinnum. Hér eru nokkrar endurnærandi hugmyndir.

- Kaupu fallegan blómvönd til að lifga upp á heimilið og það sem fyrir augu ber.
- Prófaðu að gera eitthvað sem þig hefur dreymt um lengi en aldrei komið í verk.
- Búðu til playlista með upphaldslögnum þínum og hækkaðu í botn.
- Horfðu á grínþátt eða uppistand.
- Lestu skáldsögu.
- Farðu í heitt freyðibað.
- Gerðu teygjuæfingar.
- Leggðu þig.

- Farðu í hádegismat með góðum vini eða vinkonu.
- Kaupu þér gott „take away“ kaffi og njóttu bollans.
- Slepptu því að elda og kaupu eitthvað tilbúið. Njóttu þess að þurfa ekki að standa yfir pottum og frágangi.
- Settu upphaldsjoggingbuxurnar þínar í þurrkarann áður en þú smeygir þér í þær og njóttu þess að finna kroppinn hitna.
- Haltu lítið einkapartí; settu ljúfa tónlist á fóninn og sestu niður með vín eða annað sem þér líkar í glasi.
- Prófaðu nýja og spennandi mataruppskrift.
- Gerðu eitthvað skapandi eins og að prjóna, teikna eða smíða.



Biðin er á enda!

STÓRA BÓKIN UM VILLIBRÁÐ
EFTIR ÚLFAR FINNBJÖRNSSON ER KOMIN AFTUR

- Sannkölluð biblía veiðimanna og matgæðinga
- Mikið aukin og endurbætt
- Nýr kafli um ferskvatnsfiska

BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



VERÐ AÐEINS KR.1.990.000.-
RENAULT TRAFIC. Árg.'10, ek.129 þús km, dísel, beinskiptur, Rnr.250525, er á staðnum. S:562-1717.



EKINN AÐEINS 25.ÞÚS KM
VW TRANSPORTER SINGLE CAB 3 MANNA - PALLBÍLL. Árg.'09, ek. aðeins 25.þús km, bensín, beinskiptur. Verð 1.990.000 + vsk. Rnr.128371, er á staðnum. S:562-1717.

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð 10-18 virka daga
www.bilalif.is

bilfang.is

S. 567 2000



MAN KASSABÍLL!

MAN TGL 09/2013 ek 65 þ.km / Burðargeta 5 tonn/ Lyfta, bakkmyndavei, loftþúðar, splittun, verð nú aðeins 5,9 mil + VSK !!!

Bílasalan Bilfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
Seljum í dag!
www.bilfang.is

Toyota Kaupþúni



TOYOTA Auris h/b sol hybrid. Árgerð 2011, ekinn 56 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.270.000. Rnr.182640.

Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6, 210 Garðabær
Sími: 570 5070
www.toyotakaupthuni.is

Ábendingnappinn má finna á www.barnaheill.is



BORGARBÍLASALAN

580 8900 • borgarbilasalan.is



SJÁLFSKIPTI SNÚÐURINN!
'16 HYUNDAI i10 COMFORT. EK 27 þ.km. BENSÍN, SJÁLFSK...HRIKALEGA HAGKVÆMUR!!! ÁSETT 1.850 ÞÚS...#471335. S: 580-8900



SJÁLFSKIPTI SNATTARINN!
'16 HYUNDAI i20 COMFORT. EK 22 þ.km, BENSÍN, SJÁLFSK...BAKKVARI!!! ÁSETT 2.380 ÞÚS...#104275. S: 580-8900



SJÁLFSKIPTI STORMURINN
'16 HYUNDAI TUCSON COMFORT. EK 23 þ.km, DÍSEL, SJÁLFSK...EINS OG HETJA Í FÁRVIÐRI!!! ÁSETT 4.980 ÞÚS...#452077. S: 580-8900

Borgarbílasalan
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 580 8900

100 bílar.is



Skoda Octavia Combi, 9/2016, nýr og óekinn bíll, dísel, bsk, 150 hö, álfelgur ogfl, ásett verð 3.990 þús, er á staðnum, raðnr 152676.



Skoda Octavia Combi, 9/2016, nýr og óekinn bíll, dísel, skj, 150 hö, álfelgur ogfl, ásett verð 4.350 þús, er á staðnum, raðnr 220952.

100 bílar ehf
Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opíð 10-18 virka daga & laugardaga 11-15
www.100bilar.is

Bílar til sölu



VOLVO XC70
Til sölu Volvo XC70 dísel árg. 2008. Ekinn 152.000 km. verð 3.570.000.-
Upplýsingar í síma 892 0405

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Hjólbarðar

VAKA



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali.
Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Bókhald

Bókhald - Bókhald

Laun - skattframtöl.

Stjornun.is - Ármúla 38
Sími 566-5555 & 868-5555

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sangjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítíð Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., plánófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

joismidur.is
Nýsmíði & Viðhald.
Tilboð eða tímavinna.
Jóhann S. 897 3006

MARKMIÐ VERKTAKAR

ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD

Smiðavinna - Pípulagnir - Raflagnir
Málningavinna - Múrvinna - Flíslagnir
Hellulagnir - Jarðvinna - Lóðavinna

Tilboð þér að kostnaðarlausu
Uppl. í síma: 820 8888 eða markmid@markmid-ehf.is

SMÍÐSKRAFTUR EHF.

NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
Uppl. í s. 663 3944 Ingí smidskraftur@gmail.com

Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSID

Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla

Vís 566 7311 euro

